



Bls. 4



Stoltur

Bls. 8



Mikil óvissa

Bls. 36



Gleymi ekki



Fjárhagsleg heilsa þín skiptir öllu máli!

Byrjaðu á **byr.is**
– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætuini 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hallsteinn Friðbjósson
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarsdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Ragnheiður Baldursdóttir
Sigrður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Práinn Hallgrímsson

Starfsafi

Sveinn Aðalsteinsson
Valdis Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæðir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Jódis Sigurðardóttir

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sætuini 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

Leiðari

Þegar þessar línur eru skrifaðar er samningalotan að hefjast að nýju eftir hlé yfir hátíðarnar. Fundi með Samtökum atvinnulífsins sem vera átti 20. desember sl. var frestað þar sem engin svör höfðu borist frá ríkisstjórninni sem gegnir ákveðnu lykilhlutverki í þessum samningum. Það er ekkert á þessari stundu sem segir okkur til um framvindu komandi kjarasamninga.

Samtök atvinnulífsins hafa dregið fram þá afstöðu að staða fyrirtækja sé þröng og það sem sé til skiptanna eigi að fara til þeirra sem minnst hafa borið úr bótum á samningstímanum. Þetta hefur einmitt verið sjónarmið stéttarfélaganna. Við teljum hins vegar að þær tölur sem nefndar hafa verið að hálfu Samtaka atvinnulífsins gangi of skammt. Einnig teljum við að sú aðferðafræði sem SA spilaði út í byrjun haustsins gangi tæplega upp án lagfæringa.

Það er skammur tími sem samningsaðilar hafa til þess að láta reyna á þessar hugmyndir. Annað hvort eru forsendur til staðar til að byggja á eða menn verða fljótlega að leita annarra lausna. Hér skiptir líka miklu máli að unnið hefur verið að því á þessu hausti að skapa sameiginlega launastefnu allra landssambanda innan ASÍ.

Samkvæmt viðræðuáætlun samningsaðila er gert ráð fyrir því að ef ekki hafa náðst samningar fyrir lok ársins 2007 þá verði málinu vísað til sáttasemjara ríkisins. Eins og málin standa í dag er ekkert annað í stöðunni.

Það er ljóst að árið 2008 verður erfitt á margan hátt. Verðbólgan er að ná hæðum sem við höfum ekki séð um langan tíma. Húsnæðismarkaðurinn stendur höllum fæti og þá sérstaklega eftir miklar vaxtahækkunar á undangengnum mánuðum. Á sama tíma berast fréttir af hækkunum erlendis frá.

Við höfum á undangengnum árum gert skynsamlega kjarasamninga sem byggt hafa á launakröfum sem skilað hefur sér í samfelldri kaupmáttaraukningu í heilan áratug. Við köllum eftir samningsaðilum bæði hjá SA og ríkinu til þess að vinna að farsælli niðurstöðu samninga með okkur.

Það er mikilvægt að horfa til sameiginlegra hagsmuna launafólks og fyrirtækja þegar árar eins og nú um stundir. Það verður að nást samstaða um launastefnu sem skilar árangri áfram. Stjórnvöld verða einnig að axla ábyrgð á þeirri stöðu í efnahagsmálum sem nú er uppi. Það gera þau best með því að koma verulega til móts við launafólk í skatta- og velferðarmálum.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Stoltur	4	Páskaúthlutun	25
Félagsgjald lækkar	6	Mikil aðsókn	29
Launahækkun 1. janúar	6	Trúnaðarmenn	30
Mikil óvissa	8	Nova Scotia	31
Hvað er í boði?	9	Námskeiðayfirlit	32
Má leggja niður vinnu?	10	Gleymi ekki	36
Vil vinna að bættri stöðu	12	Líst vel á starfið	38
Gleði, samstaða og stolt	14	Ekki til útlanda	40
Það opnuðust nýjar gáttir	17	Opnaði augu okkar	42
Íslenska mikilvæg	18	Samskipti hafa minnkað	46
Mjög ánægður	20	Mikil aðsókn á lesblindunámskeið	54
Efling pays part	22		



Sigurður Bessason, tók við viðurkenningu Alþjóðahússins fyrir hönd Eflingar sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti afhenti honum við hátíðlega athöfn.

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Eflingu-stéttarfélagi, Luca Lúkasi Kostić, Hjálmari Sveinssyni og Ævari Kjartanssyni viðurkenningu Alþjóðahúss „Vel að verki staðið” fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi við athöfn í Alþjóðahúsinu 30. desember. Sigurður Bessason, formaður Eflingar tók við viðurkenningunni fyrir hönd félagsins, en hún er veitt í flokki félagasamtaka sem hafa staðið sig vel í málefnum innflytjenda og fjölmenningsarsamfélagsins. Hann sagði í viðtali við Eflingarblaðið að hann væri stoltur af þessari viðurkenningu sem veitt væri félaginu fyrir það mikla starf sem unnið hefur verið á undanförunum árum í þágu félagsmanna með erlendu ríkisfangi.

Viðurkenningin, sem nú er veitt í fimmta skipti, þjónar þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda.

Allt frá stofnun Eflingar-stéttarfélags hefur verið lögð mikil áhersla á að sinna málefnum útlendinga í félaginu

Veittar voru viðurkenningar fyrir lofsverða frammistöðu í þremur flokkum; til einstaklings af íslensku bergi brotinn sem hefur lagt sitt af mörkum til innflytjenda á Íslandi sem voru tveir að þessu sinni, til einstaklings af erlendum uppruna sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins og til fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka fyrir framlag til málefna innflytjenda og fjölmenningsarsamfélagsins.

Sigurður Bessason sagði að allt frá stofnun Eflingar-stéttarfélags hefur verið lögð mikil áhersla á að sinna málefnum útlendinga í félaginu. Þegar félagsmönnum með erlent ríkisfang tók að fjölga fyrir alvöru á árunum 2003-4 þá var mikið kapp lagt á að ná til þess stóra hóps erlendra launamanna sem kominn var inn í félagið á skömmum tíma. Hin mikla breyting sem var síðan 1. maí 2006 með opnun gagnvart nýjum ríkjum innan Evrópusvæðisins hleypti enn af stað nýrri bylgju launamanna inn á starfssvæði félagsins. Í dag eru rúmlega 8.000 félagsmenn innan Eflingar af erlendum uppruna sem er rúmlega þriðjungur félagsmanna. Þjóðerni innan Eflingar eru nú fleiri en 120.

Íslenskunámið

Efling-stéttarfélag hefur haft frumkvæði að því með fjölmörgum aðilum þ.á.m. Alþýðusambandinu, Alþjóðahúsi og Mími-símenntun að kalla eftir stóráuknum stuðningi opinberra aðila við íslenskunám fyrir útlendinga. Fram að því að stjórnvöld komu að auknum stuðningi við íslenskunámið árið 2006 fjármagnaði Efling mjög mikið íslenskunám úr sjóðum félagsins.

Kynningarfundir með félagsmönnum

Á síðustu árum hafa verið haldnir bæði morgunverðar- og kvöldfundir með félagsmönnum af erlendum uppruna. Á þessum vetri var sett sérstök dagskrá af stað og haldnir samtals 12 kynningarfundir á þremur tungumálum, ensku, pólsku og litháísku. Samtals sóttu þessa fundi um 550 manns frá 193 fyrirtækjum.

Vinnustaðaeftirlit

Sumarið 2006 setti Efling af stað sérstakt vinnustaðaeftirlit í kjölfar þess að verkefni af sama toga lauk hjá Alþýðusambandinu. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við Samiðn og Rafiðnaðarsambandið og hefur skilað miklum árangri. Skipulagðar eru heimsóknir í

bættur & betri

- ✓ Nýtt bragð
- ✓ Engin sölt
- ✓ Minni kolsýra

Toppur - drekktu betur



toppur®

fyrirtæki og fundir haldnir á félögunum með starfsmönnum sem þurfa á aðstoð og fræðslu að halda.

Framtíð í nýju landi

Verkefninu *Framtíð í nýju landi*, sem unnið var í samstarfi við Reykjavíkurborg og Rauða Krossinn, Alþjóðahúsið og opinbera aðila, er nýlokið en það miðaði að því að veita ungum víetnömum sérstakan stuðning til að ná árangri í námi og á starfsvettvangi. Fullyrða má að verkefnið skilaði góðum árangri og getur orðið fyrirmynd fyrir þá sem vilja stefna að betri og meiri árangri í stuðningi við ungmenntu innan skólakerfisins.

Upplýsingamöppur

Upplýsingamöppum með fróðleik um helstu atriði kjaramála og sjóði félagsins hefur verið dreift á vinnustaði á þremur tungumálum ásamt íslensku.

Trúnaðarmannanámsskeið - og félagsliðar í nýju landi

Sérstök trúnaðarmannanámsskeið hafa verið haldin fyrir trúnaðarmenn af erlendum uppruna og sérstakt nám fyrir félagsliða með sama bakgrunn hefur verið sett á laggirnar og skilar hvort tveggja góðum árangri.

Félagið tengist mörgum verkefnum með útlendingum

Efling-stéttarfélag hefur á síðustu árum tengst fjölmörgum verkefnum fyrir útlendinga fyrir utan það sem að framman er nefnt. Þar má nefna Allar heimsins konur, Mentorverkefnið, nýlegt og árangursríkt barmmerkjaátak með Alþjóðahúsi, VR og fleiri aðilum.

Fjölmiðlun til erlendra félagsmanna

Félagsblað Eflingar er að jafnaði með efni á erlendum málum, aðallega ensku, þar sem haldgóðar upplýsingar eru gefnar á erlendum málum til félagsmanna.



Kjarasamningar á almennum vinnu-markaði eru lausir nú um áramótin. Þar sem samningar hafa ekki enn tekist, liggur ekki ljóst fyrir hverjar launabreytingar verða á almennum markaði eða hjá þeim sem að taka mið af samningi við Samtök atvinnulífsins.

Á opinbera markaðnum eru launahækk-anir um áramótin þannig

- Hjá ríkinu/hjúkrunarheimilum/ sjálfseignarstofnunum 2%
- Hjá Reykjavíkurborg 2,5%
- Hjá Kópavogi/Seltjarnarnesi/Mos-fellsbæ 3%

Hægt er að nálgast launatöflur á heima-síðu Eflingar undir kjaramál/launatöflur.

0.7%

1. janúar 2008

Félagsgjaldið lækkar

Þann 1. janúar 2008 kom til framkvæmda samþykkt Eflingar-stéttarfélags um lækun félagsgjalds en aðalfundur félagsins ákvað að lækka félagsgjaldið frá þessum tíma. Félags-

gjald lækkaði sem sé samkvæmt öllum kjarasamningum félagsins, hvort sem er á almenna markaðnum eða þeim opinbera í 0,7%.

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

MCSA og MCP nám

► MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kennar eru námsgreinararar Windows Vista Client (70-620 og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.
Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 169.900

► MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista. Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neti og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.
Lengd: 243 stundir/162 klst. Verð: 319.900

► Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620)
Lengd: 60 st./40 klst. Verð: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
Lengd: 63 st./42 klst. Verð: 99.900

C# .NET forritun

► Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbý þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðar tölvuþekkingar.
Lengd: 94 stundir/63 klst. Kvöldnám
Verð: 139.900

Tölvuumsjón

► Tölvuumsjón

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölvu og/eða notendapjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007 (expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

Ath: Aðeins fyrir fólk með góða tölvuþekkingu
Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 299.000

Skrifstofunám

► Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fringasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fringasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

Vefsíðugerð

► Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennir er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.
Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900

► DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 52.900

Góð byrjun

► Almenn tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

► Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

► Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdeg
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Verkefnastjórnun

► Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærdú grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætlana og stjórnun verka.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 89.900

► PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærdú PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnumum óaðfinsanlega.
Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 49.900

► Project verkefnastjórnun

Náðu betri tökum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 39.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

• Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 12.900
Fingrasetning - tölvuveitritun • 6 stundir/verð: 6.900

• Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

• Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/26.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

• Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • 18 stundir/verð 26.900
Tölur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

• Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • 9 stundir/verð 16.900
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 stundir/verð 24.900
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • 27 stundir/69.900

• PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• Outlook

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

• Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 54 stundir/verð 52.900
DreamWeaver, Photoshop og Flash • 72 st./verð 69.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

• Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 27 stundir/verð 29.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

Eflingarfélagar njóta sérstakra afsláttarkjara hjá okkur!

VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur

Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingum og mörgum öðrum félögum, allt að 15%

- 30 daga ókeypis **simapjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leiðið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu **www.tv.is** til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í **heimsókn**, þú ert **alltaf velkomin(n)!**



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa



Fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins á fundi með samningamönnum Samtaka atvinnulífsins

Samningamálin

Mikil óvissa framundan

-segir formaður Eflingar

Það er ljóst að mikil óvissa er framundan á þessu ári, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar í samtali við Fréttablað félagsins. Eiginlega hefur allt sem gerst hefur á undanförunum vikum, hvort sem um er að ræða þróunina á gjaldeyrismörkuðum, hækkun ýmissa matvæla erlendis frá

eða óvissan í vaxtamálum aukið enn á vanda samningamanna í yfirstandandi kjaraviðræðum. Stjórnvöld eru í lykilstöðu í þessum viðræðum og þess vegna er mikilvægt að þau fari að sýna í alvöru á spilin svo atvinnurekendur og samtök launamanna geti farið að vinna sig að lausnum í málinu, segir hann.

Öllum samningaviðræðum var frestað fram yfir áramót nokkru fyrir jólahátíðina og líklegt er að kjaraviðræður hefjist ekki að nýju aftur fyrr en líður að miðjum janúarmánuði. Alþýðusambandið hafði í desember beint ákveðnum erindum til stjórnvalda um skattamál og önnur umbótamál en ríkisstjórnin hefur síðan þá verið með óskir ASÍ til skoðunar.

Samtök atvinnulífsins hafa enn sem komið er hafnað öllum kröfum um almennar launahækkanir til alls launafólks innan ASÍ en lagt áherslu á að bæta þeim mismuninn sem setið hafa eftir á yfirstandandi samningstímabili. Jafnframt hafa samtök atvinnurekenda tekið undir með stéttarfélagunum að hækka öryggisnet launataxta með tekjutryggingu.

Þegar samningaviðræðum var frestað fyrir jól var hafin umræða um með hvaða hætti mætti bæta launakjör þeirra sem hafa ekki haldið í við almenna kaupmáttarþróun, en ekki var komin niðurstaða varðandi útfærslur á þessum þáttum.

Stjórnvöld eru í lykilstöðu í þessum viðræðum og þess vegna er mikilvægt að þau fari að sýna í alvöru á spilin

Hvað er í boði hjá Sjúkrasjóði?

Markmið Sjúkrasjóðs Eflingar er tekjutrygging í veikindum eða slysum, forvarnir, fyrirbyggjandi aðgerðir og jafnræði meðal sjóðfélaga sjóðsins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu réttindum greiðenda í sjóðinn er varða dagpeninga, börn og maka og dánarbætur.

Tekjutengdir dagpeningar í veikindum og slysum

Greitt er 80% af meðallaunum miðað við iðgjaldaskil í sjóðinn næstliðna 6 mánuði áður en sjóðfélagi varð launalaus vegna veikinda, þó ekki af hærri upphæð en sem nemur nú kr. 263.681.- til jafnaðar á mánuði, sé aðild að sjóðnum 6 mánuðir eða lengri. Ef aðild að sjóðnum er skemmri eru upphæðir lægri. Ef samfelld sjóðfélagsaðild er hins vegar 5 ár eða lengri, getur tekjutengingin að viðbættum dagpeningum frá Tryggingastofnun numið allt að 100% tekjutapi. Dagpeningar eru greiddar í allt að

6 mánuði vegna sjóðfélaga á almennum markaði en í 3 mánuði hjá launagreiðanda sem greiðir minna en 1% iðgjald til sjóðsins. Skilyrði greiðslna er að sjóðfélagi sé launalaus vegna veikinda/slysa í að minnsta kosti fimm samfellda daga eða meira. Ekki er greitt ef sjóðfélagi öðlast rétt til greiðslna frá Trygg-

ingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóði, svo sem örorkubætur, endurhæfingarlífeyrir ellilífeyrir eða eftirlaun. Þá er ekki greitt vegna bótaskyldra slys.

Börn og makar

Þurfi sjóðfélagi að taka launalaust leyfi vegna alvarlegra veikinda barna eru dagpeningar greiddir í allt að 180 daga og vegna alvarlegra veikinda maka í allt að 90 daga.

Dánarbætur

Sjóðfélagi á launaskrá við fráfall: Allt að kr. 180.000.- sé aðild 6 til 49 mánuðir, en allt að kr. 300.000.- sé samfelld aðild 5 ár eða lengri. Upplýsingar um aðrar dánarbætur fást á skrifstofu félagsins.



Sjúkrasjóður Eflingar
stendur með þér

Ýmsir styrkir Sjúkrasjóðs

Styrkur:	Hámark:	Hlutfall	Hve oft?	Skilyrði	Nauðsynleg gögn:
Krabbameinsskoðun gunnskoðun	3.000,-	Hám. 100%	2 x á hverjum 12 mán.	3ja mán. samfelld greiðsla	Sýna félagsskírteini á leitarstöð
Heilsuefling (líkamsrækt)	12.000,-	Hám. 50%	1x á hverjum 12 mán.	6 mán. samfelld greiðsla	Frumrit af kvittun og ljósrit af síðasta launaseðli
Gleraugnastyrkur	10.000,-	Hám. 50%			
Námskeið til að hætta reykingum	10.000,-	Hám. 100%			
Krabbameinsskoðun framhaldsskoðun	4.500,-	Hám. 100%			
Hjartavernd - áhættumat	6.500,-	Hám. 100%			
Sjúkra og endurhæfing (sjúkrabjálfun, sjúkranudd, heilsunudd, iðjubjálfun, talbjálfun og kiropraktor)	1.500,-	Hám. 75%	25x á hverjum 12 mán.	6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 50.000,-	Ljósrit af kvittun og síðasta launaseðli
Dvöl á Heilsustofnun í Hveragerði	1.500,- á dag	Hám. 50%	42 d.á hverjum 12 mán.		
Viðtalsmeðferð (sálfræði, geðhjúkrun, félags- og fjölskylduráðgjafi)	3.000,-	Hám. 50%	15x á hverjum 12 mán.		
Viðtalsmeðferð SÁÁ/Matarfíkn MFM	500,-	Hám. 50%	25x á hverjum 12 mán.		
Greining lesblindu	15.000,-	Hám. 50%	1 x		
Göngugreining (greiningin sjálf)	3.500,-	Hám. 100%	1x		
Heymartækjastyrkur	25.000,-	Hám. 50%			
Laser augnaðgerð	25.000,-		2x (einu sinni per auga)		
Glása og tæknirfjörgun	50.000,-		2x		
Ættleiðing erlendis	100.000,-		1x		



Má leggja niður vinnu vegna vangreiddra launa?

Starfsmenn Jarðvéla ehf. sem unnu við tvöföldun Reykjanesbrautar í síðasta mánuði leituðu aðstoðar Eflingar-stéttarfélags vegna þess að fyrirtækið stóð ekki við launagreiðslur til þeirra. Starfsmenn höfðu áður en þeir leituðu til stéttarfélagsins farið sér hægt við vinnuna eða lagt niður vinnu til að knýja á um launagreiðslur. Mikilvægt er að starfsmenn leiti sér ráðgjafar í slíkum tilvikum til að valda ekki sjálfum sér tjóni og nýta alla kosti til að knýja fyrirtæki til að standa við gerða samninga við starfsmenn.

Nokkrir starfsmenn Jarðvéla ehf. leituðu til skrifstofu Eflingar-stéttarfélags með kröfur á hendur fyrirtækinu og voru þær vegna ógreiddra launa og launatengdra gjalda sem dregin hafa verið af starfsmönnum en ekki skilað.

Launakröfur voru sendar fyrirtækinu og reglan er sú að séu þær ekki greiddar þá eru þær í framhaldinu sendar lögmönnum félagsins til innheimtu.

Dæmi voru einnig um að orlofsgreiðslum hafi ekki verið skilað í banka eins og samningar gera ráð fyrir. Í þeim tilvikum hefur verið vísað á félagsmálaráðuneytið þar sem það tekur skemmri

Mikilvægt er að starfsmenn í slíkum tilvikum leiti til stéttarfélaga sinna eins og margir þeirra hafa gert undanfarna daga og fengið ráðgjöf hjá Eflingu-stéttarfélagi hvernig eigi að bregðast við slíku ástandi í fyrirtækinu

tíma að fá greitt frá þeim. Ábyrgðasjóður launa greiðir slíkar skuldir innan 28 daga.

Oft er í slíkum tilvikum einnig um það að ræða að iðgjöld til lífeyrissjóða og launatengdum gjöldum hafi ekki verið skilað. Það er mikilvægt að hafa samband við viðkomandi aðila.

Ef fyrirtæki stendur ekki skil á launum geta starfsmenn skorað á fyrirtækið að standa við ráðningarsamninga og gefið því ákveðinn frest til þess. Um leið er æskilegt að hafa samband við stéttarfélagið til að undirbúa að launakröfur fari af stað ef fyrirtækið stendur ekki við samninga. Dæmi eru síðan um að starfsmenn fylgi kröfum sínum eftir með hægagangi og með því að leggja niður störf eins og gerðist hjá Jarðvélu ehf. í síðasta mánuði.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

óskar félögum í Eflingu Gleðilegs árs með þökk fyrir góða og mikla þátttöku á námskeiðum hjá Impru, Nýsköpunarmiðstöð á liðnu ári.

Impra býður upp á sérhæfð námskeið fyrir mismunandi markhópa og standa þau einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum til boða. Um er að ræða staðbundið nám eða fjarnám allt eftir þörfum og óskum viðskiptavina hverju sinni.

Markmiðin með námskeiðunum er að yfirfæra þekkingu til einstaklinga sem nýta má til að ná yfirburðum og forskoti í samkeppni auk þess að virkja og rækta þann kraft sem býr í mannauðnum.

Við leggjum okkur fram við að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar m.a. með því að halda námskeið á vinnustöðum víða út í bæ og á landbyggðinni.

Námsframboð á vorönn verður fjölbreytt og skemmtilegt að vanda.

- Brautargengi.
- Verkstjórnarnámskeið.
- Umsjónarmenn fasteigna
- Verkefnastjórnun.
- Samningatækni fyrir konur
- Ræstinganámskeið.
- Innkaup og vörustjórnun.
- Þjónustugæði.

Sjá upplýsingar um þessi og önnur námskeið á www.impra.is og ef einhverjar spurningar vakna, þá endilega hafið samband við Brynju Sigurðardóttir brynjasig@nmi.is eða Kristján Óskarsson kro@nmi.is í síma 522 -9000.



**Nýsköpunarmiðstöð
Íslands**
Impra frumkvöðlar og sprotar



Landnámshænunum hleypt út til þess að viðra sig

Jódís Sigurðardóttir er nýr stjórnarmaður Eflingar

Vil vinna að bættri aðstöðu fyrir gamla fólkið

- og meiri undirbúning starfsmanna

Það var fyrir tilviljun að fjölskyldan flutti hingað eftir að hafa búið í Reykjavík í fjórtán ár. Ég var með hesta í bænum og hafði aðstöðu fyrir þá í Fjárborgum fyrir ofan Suðurlandsveg stutt frá Rauðhólum. En stundum hafði ég orð á því við dóttur mína að helst vildi ég búa þar sem að hesthúsið væri við húsdýrnar. Síðastliðið vor hafði hún samband við mig og sagðist hafa frétt af eign fyrir utan Selfoss á leiðinni til Stokkseyrar sem væri til sölu og spurði hvort að ég vildi ekki koma austur og skoða staðinn. Ég sagðist vera tilbúin til þess og það varð úr að við keyptum eignina sem var nýlegt einbýlishús og lóð uppá einn og hálfan hektara og fluttum hingað í byrjun júlí, segir Jódís Sigurðardóttir sem tók sæti í stjórn Eflingar í vor. Við sitjum í eldhúsinu

Tvær kanínur og fjórtán landnámshænur búa saman í hæsnakofanum

á Lómhólstjörn síðdegis á föstudegi í desember og drekkum kaffi en úti er óveður og vindurinn hvín við húsvegginn. Við látum það ekki trufla okkur og höldum áfram að spjalla saman.

Hesthúsið er nánast við hliðina á íbúðarhúsinu og hestarnir eru innandyrar vegna veðurofsans. Sonur hennar ellefu ára er feginn að hafa hesthúsið svona nálægt heimilinu. Þegar við bjuggum í Reykjavík dróst oft að ég kæmi heim úr hesthúsinu. Þá hringdi hann í farsímann

minn til að athuga hvort ég væri ekki á leiðinni heim. En núna getur hann fylgst með mér út um eldhúsgluggann.

Við vorum líka með tvær kanínur í bænum og þær fluttu með okkur, segir hún. Svo fékk ég fjórtán landnámshænuunga og núna eru kanínurnar og hænur í öllum litum saman í hæsnakofanum. Jódís segir að fyrsta hænana eigi að verpa í desember og hún bíði spennt eftir að fyrsta eggjið líti dagsins ljós. Eini ljóðurinn á hæsnaræktinni hjá mér er að margir hana eru í hópnum og maður heyrir þá góla allan sólahringinn, segir hún og brosir.

Jódís segist ríða mikið út og hún sé líka í Ferðafélaginu *Í hófi* sem fer í hestaferðir á sumrin og heldur myndakvöld á veturna þar sem atburðir sumarsins eru

rifjaðir upp. Við höfum farið Löngu-fjörur og hálendi, og í sumar fótum við Fjallabaksleið syðri. Við erum fimm hjón í ferðafélagi og systir mín og mágur eru í hópnun ásamt vinafólki okkar til margra ára.

Þá hef ég tekið þátt í kvennatölti hjá hestamannafélaginu Gusti í Kópavogi sem er haldið árlega og er afskaplega skemmtilegt. Svo tók ég þátt í kvenna-keppni í ístölti sem fram fór í Egilshöll. Afrakstur vetrarins eru einn bikar og verðlaunapeningur. Annars er ég nú meira fyrir að ríða út í náttúrunni án þess að vera með þjatt og kröfur og það hefur líka róandi áhrif á mig að vera innan um dýrin, segir hún.

Ólst upp á Snæfellsnesi

Jódís ólst upp á bænum Hraunholti í Kolbeinsstaðahreppi á Snæfellsnesi og systir hennar og mágur sem eru í ferðafélaginu búa þar ásamt foreldrum hennar. Fyrir fjórum árum var farið miðnæturfjörureið og núna er það orðinn fastur liður einu sinni á sumri. Jódís segir að hópurinn hittist síðdegis á Stakkhamri og grilli og skemmti sér fram að miðnætti. Þá leggjum við á hestana og ríðum út á Löngufjörur. Miklu máli skiptir að lesa vel flóðatöfluna til þess að stíla inná háfjöru á miðnætti, og hafa fleiri verið að bætast í þessa ferð, sem er jú alveg einstök upplifun að þeysa um á klárunum og láta þá busla aðeins í sjónum.

Trúnaðarmaður á þremur vinnustöðum

Aðspurð um stjórnarsetuna segist Jódís hafa rekist á Sigurð Bessason formann Eflingar í mötuneyti Húsasmíðjunnar í Skútuvogi þar sem hún vinnur og þau hafi farið að ræða um verkalýðsmál. Stuttu seinna var haft samband við mig og mér boðið að taka sæti í stjórninni. Ég hef verið í Eflingu í mörg ár og trúnaðarmaður á vinnustöðum og eftir að hafa hugsað málið ákvað ég að slá til.

Hún segir líka að félagar hennar hafi tekið vel á móti sér þegar hún mætti á fyrsta stjórnarfundinn og vinnufundur sem var haldinn í haust hafi verið góður undirbúningur fyrir störf sín í stjórninni.

Undirbúningur kjarasamninga tekur tíma

Jódís segir að störf stjórnarinnar frá því í haust hafi að mestu farið í undirbún-



Jódís með einn af fjórum hestum sem voru í heimahaganum

ing kjarasamningaviðræðna sem hófust fyrir alvöru í nóvember. Hún sé sam-mála þeim áherslum sem lagt hafi verið upp með í viðræðunum af hálfu Flóa-bandalagsins. En í þeim felst m.a. að hækka lægstu launataxtana mest. Það verður líka fróðlegt að sjá hverju kröfur ASÍ, sem voru lagðar fyrir ríkisstjórnina skömmu fyrir jól, skila inn í viðræðurnar. Það getur ráðið úrslitum um hversu fljótt samningar takast, segir hún.

Meiri hæfni í umönnun

Þegar Jódís er spurð hvort að hún muni beita sér fyrir sérstökum málum innan stjórnarinnar, segist hún hafa mikinn áhuga á að vinna að bættri aðstöðu fyrir gamla fólkið sem dvelur á hjúkrunarheimilum og meiri hæfni starfsmanna til þess að sinna sörfum sínum. Það er alveg

ljóst að nýtt starfsfólk þarf þónokkurn undirbúning fyrir starf sitt, sem hefur ekki verið, þá er verið að tala um almennt, en þar er líka frábært starfslið en miður of fáir. Aðgát skal höfð í nærveru sálar, segir hún.

Mörg járn í eldinum

Jódís útskrifaðist úr Grunnmenntaskólanum síðastliðið vor og eftir að hafa ráðfært sig við námsráðgjafa ákvað hún að fara í nám á Útstillingabraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hún segir að námið taki tvö ár og sér hafi fundist rétt að byrja strax. Ég var hvort sem er orðin vön að keyra daglega til Reykjavíkur í vinnuna. Hún segir líka að fyrstu önninni sé nýlokið og hún hafi verið rosalega skemmtileg. Ég get varla beðið eftir að skólinn byrji aftur eftir áramót.



Útskrift leikskólaliða

Gleði, samstaða og stolt

- segir Sigurrós Kristinsdóttir

Mikil gleði ríkti hjá glæsilegum útskriftarhópi leikskólaliða þann 14. desember síðastliðinn. Þessi tvö ár eru bæði búin að vera strembin og skemmtileg. Það er stór ákvörðun að fara í tveggja ára nám og púsla saman fjölskyldulífi og fullri vinnu, en þessar valkyrjur létu ekkert stöðva sig. Þær mættu öll þriðjudagskvöld í skólann fullar af áhuga og vinnusemi oft eftir erfiða daga á leikskólanum. Þetta segir Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar-stéttarfélags en hún var einmitt ein af útskriftarhópnum.

Hópurinn samanstóð af konum á öllum aldri. Þær yngstu um þrítugt. Þær elstu um sextugt, sumar búnar að vinna yfir

tuttugu ár á leikskóla þannig að reynslan er mikil. Það var bæði lærdómsríkt og mannbætandi að fá það tækifæri að kynnst svo lífsreindum konum með ólíkar skoðanir á lífinu og tilverunni.

Mikil samstaða var í hópnum og allar hjálpuðust að við lærdóminn og oft vorum við að hittast á kvöldin til að vinna að hópaverkefnum og stóðum

svo stoltar við þútið og kynntum verkefnin fyrir bekkjarsysturum.

Síðan kom að stóra deginum. Útskriftinni. Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hélt glæsilega útskriftarveislu í hátíðarsal gamla Miðbæjarskólans við Fríkirkjuveg, þar voru haldnar ræður af fulltrúum þeirra sem stóðu að náminu, Leikskólasviði, Eflingu-stéttarfélagi og Mími-símenntun. Það var stoltur hópur leikskólaliða sem hélt síðan upp á daginn með því að fara saman á jólahlaðborð í tilefni dagsins.

Nú biðum við eftir því að halda áfram að bæta við okkur í námi en fyrirhugað er að bjóða upp á viðbótarnám á næsta ári, segir Sigurrós að lokum.

Nú biðum við eftir því að halda áfram að bæta við okkur í námi en fyrirhugað er að bjóða upp á viðbótarnám

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega
www.et.is

NÝ
ÖKUSKÓLINN

SÍMI: 822 4502

Fjölbreytt úrval spennandi og skemmtilegra námskeiða við allra hæfi

Computer and office courses for beginners and advanced



SKRIFSTOFUNÁM

Tölvu og bókhaldsnám.

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Náð á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu (ECDL). Námið er metið til eininga. Kennt er þrisvar í viku, val um kvöld eða morguntíma.

Hefst 7. febrúar. Verð: 153.000,-

Allar kennslubækur innifaldar. Ýmsir greiðsluskilmálar.

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt 100 std. námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennt er þrisvar í viku, val um kvöld eða morguntíma. Verð: 94.000,- Allar kennslubækur innifaldar. Ýmsir greiðsluskilmálar.

Bókhald 2

Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið Bókhaldi 1 eða Tölvu og bókhaldsnámi. Lengd 32 std. Verð: 36.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið um allt er varðar innflutningsreglur og gerð tollskýrslna. Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

Efling styrkir félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur.

Að auki veitir skólinn Eflingarfélögum 10% afslátt af námskeiðum gegn framvísun félagsskírteinis.



HAGNÝT TÖLVUNÁMSKEIÐ

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Windows, Word, Internet og tölvupóstur. Verð: 32.900,-

Almennt tölvunám

Fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og vilja auka öryggi sitt, færni og hraða. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur. Lengd 63 std. Verð: 44.900,-

ECDL tölvunám.

Alþjóðlegt tölvunám. Hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Lengd 84 std. Verð: 65.000,-

Vefsíðugerð 1

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsíðmið og fólki sem vill komas sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Photoshop og Dreamweaver. Lengd 47 std. Verð: 49.000,-

Stafrænar myndavélar.

Stutt námskeið fyrir byrjendur. Helstu stillingar myndavéla, flutningur og skipulag myndasafns í tölvu, lagfæringar, prentun, myndir sendar í tölvupósti, brennsla CD ofl. Lengd 14 std. Verð: 15.000,- Kennslubók á íslensku innifalinn.



ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Sjá ítarlega lýsingu og stundaskrá á heimasíðu skólans.

- MCP XP
- MCSA
- Photoshop
- Dreamweaver
- Vefsíðugerð framhald
- Grafísk hönnun
- Word grunnur og frh
- Excel grunnur og frh
- Internet og tölvupóstur
- Outlook
- PowerPoint
- Access
- Navision



TÖLVUSKÓLINN
ÞEK KING

FAXAFEN 10
108 REYKJAVÍK

GLERÁRGATA 36
600 AKUREYRI

WWW.TSK.IS
SKOLI@TSK.IS

SÍMI: 544 2210

Júliana Auðunsdóttir

Aukið sjálfstraust og meiri trú á okkur sjálfum

Það var óneitanlega erfitt að byrja aftur í skóla eftir svona langt hlé. Sumar okkar höfðu ekki verið í skóla í tugi ára. Þegar við byrjuðum í skólanum vorum við spenntar en kviðum líka fyrir að þurfa að skrifa ritgerðir og taka próf. En með frábæra kennara og hjálp frá hver annarri höfum við náð að ljúka þessu námi og erum að útskrifast hér í dag, sagði Júliana Auðunsdóttir um námið.

Við eigum leikskólaliðanáminu margt að þakka og eigum eftir að búa að þessu lengi. Það besta sem við höfum fengið út úr þessu námi er aukið sjálfstraust og meiri trú á okkur sjálfum, eitthvað sem við höfðum ekki mikið af til að byrja með, en hefur vaxið samhliða náminu. Þó við séum misánægðar með leikskólaliðanafnið verðum við að vera stoltar af því og vera duglegar að segja frá hvað liggur að baki nafninu. Við þurfum að bera okkur eftir virðingunni sem við leikskólaliðar eigum svo sannarlega



skilið. Það er síðan okkar að stuðla að því að leikskólaliðanám verði eftirsótt í framtíðinni og vona ég að launin verði einnig til að laða fólk að.

Þetta nám er góður liður í að sporna við manneklunni í leikskólum og efla það

góða starf sem þar er unnið, ef rétt er farið að. Ég vil fyrir hönd okkar leikskólaliða þakka Eflingu-stéttarfélagi, Mímisímenntun og Leikskólasviði Reykjavíkurborgar fyrir að efla fagþekkingu innan leikskólanna með uppbyggingu þessa náms, sagði Júliana að lokum.

Guðrún Ágústa Ólafsdóttir

Einstakt tækifæri

Við byrjuðum námið margar hverjar með óvissuna eina í farteskinu, þar sem námið sjálft var í mótun og ekki kominn starfstíll. Á þessum tveim árum höfum við eingöngu unnið stóra sigra. Hópurinn hefur þróast frá því að vera forvitnar, feimnar skólástúlkur á fyrsta skóladegi í það að

verða framsækna, áráðnar og kröftugar konur sem vita fyrir hvað þær standa. Námið hefur gefið okkur það sjálfstraust sem eflaust margar okkar þurftu og einhverjar ætla ekki að láta staðar numið, segir Guðrún Ágústa Ólafsdóttir um skólaliðanámið.



Fyrst og fremst getum við allar verið sammála um að þetta nám hafi verið einstakt tækifæri sem Efling, Mímisímenntun og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hafa gefið okkur. Við kunnum þeim fyllstu þakki fyrir. Það má búast við að það verði skýrtin tilfinning hjá okkur öllum og fyrir fjölskyldur okkar sem hafa leikið lausum hala á þriðjudagskvöldum í eldamennskunni, þegar við förum að taka þátt í fjölskyldulífinu á nýjan leik.

Það eru blendnar tilfinningar að standa hér í dag. Við vildum gjarnan halda áfram að vera í þessu frábæra skólasamfélagi kennara og nemenda, en allt tekur enda um síðir.

Því segi ég nú: Ég þori, ég get og ég vil, segir Guðrún að lokum.

Hópurinn hefur þróast frá því að vera forvitnar, feimnar skólástúlkur á fyrsta skóladegi í það að verða framsækna, áráðnar og kröftugar konur



Púriður Ingimundardóttir

Það opnuðust nýjar gáttir

Ég hefði aldrei trúað því þegar ég hóf námið hvaða áhrif þetta hefur haft bæði á starfið í leikskólanum og einnig mig sjálfa. Þetta hefur gert mér svo gott. Aukið sjálfstraustið og opnað nýjar gáttir. Ég er líka mjög þakklát góðum félögum mínum á Eflingu, þeim Ragnari Ólasyni og Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem hvöttu mig upphaflega til að fara í leikskólaliðanámið. Án þeirrar hvatningar hefði ég aldrei farið og notið þess að upplifa þetta stórkostlega nám, segir Púriður Ingimundardóttir sem vinnur í Skógarborg og er afskaplega ánægð með leikskólaliðanámið eins og heyra má.

Þarna verður til framtíðarfólkið okkar, flottar konur sem hafa verið ósýnilegar fram að þessu og þær eiga eftir að nýttast okkur í starfi Eflingar

Þessi útskriftardagur var afskaplega kærkomin, segir Púriður. Það var skemmtilegt að koma aftur í Gamla Miðbæjarskólann þar sem öll námskeið Sónar voru haldin og þar hafði ég lokið 100 stunda fagnámskeiðunum fyrir tuttugu árum síðan, sagði hún. Það var alveg frábærlega staðið að þessu námi og ég er afskaplega stolt af að hafa fengið tækifæri til að taka þátt.

Það var einnig ánægjulegt fyrir mig eftir mjög langan starfsferil, með tuttugu og fimm ára starfsreynslu í leikskólum að fá tækifæri til að bæta við þekkingu mína og kunnáttu. Mikill faglegur metnaður er á mínum vinnustað og því var þetta nám eins og sniðið fyrir mig sagði hún.

Auðvitað mættum við allar með hnút í maganum fyrstu vikunnar. Við spurðum okkur allar sömu spurningunnar: Hvað erum við búnar að koma okkur? Kennararnir okkar höfðu mikinn skilning á stöðu okkar og vissu sem var að sumar okkar höfðu ekki verið í bóklegu námi svo árum skipti. Það einkenndi líka allt

okkar samstarf í skólanum hvað þarna voru frábærir kennarar.

Það var merkileg reynsla í fyrsta prófinu hjá mér. Ég var hálf meðvitundarlaus af stressi en var svo yfir mig ánægð þegar ég fékk 9.5 í áfanganum. Það var stórkostleg tilfinning að finna hvað sjálfsstraustið jókst.

Mér finnst mjög ánægjulegt að kynnst öðrum leiðbeinendum frá ýmsum leikskólum. Þarna er framtíðarfólkið okkar, flottar og skarpar konur sem hafa kannski ekki verið sýnilegar fram að þessu. Aukin menntun eykur sjálfstraust og skapar jákvæða ímynd Eflingar útávið. Þess vegna er ég svo ánægð með Eflingu og framtíð félagsins og þann mikla árangur sem nemendur fá í gegnum þetta nám, sagði Púriður.

Ég vil að lokum nota tækifærið til að þakka þeim sem standa að þessu námi, Eflingu, Mími-símenntun og Menntasviði Reykjavíkurborgar.



Útskriftarhópur af Íslenskunámskeiði fyrir byrjendur ásamt kennaranum sínum Jórunni Sörensen fyrir miðju

Íslenskunám á LHS

Mikilvægt að samstarfsfólk tali íslensku

Hópur erlendra starfsmanna í eldhúsi og ræstingu á Landspítala Háskóla-sjúkrahúsi var útskrifaður af íslenskunámskeiði fyrir byrjendur í lok nóvember. Námið hófst um miðjan september og kennt var tvo daga í viku í vinnutíma, þrjár kennslustundir í senn. Jórunn Sörensen kennari, segir að nemendurnir hafi verið áhugasamir og mæting hafi verið mjög góð á námskeiðið.

Jórunn sagði í viðtali við Fréttablað Eflingar að nemendum hefði farið mjög fram á námstímanum en alls var námið sextíu kennslustundir. Nokkur í hópnum eru líka að læra íslensku hjá

Mími-símenntun og greiða sjálf námið að hluta og það sýnir hvað áhuginn er mikill hjá starfsfólkinu að læra íslensku, segir hún.

Jórunn telur mjög mikilvægt að yfirmenn og samstarfsfólk erlendra starfs-

manna sem sækja íslenskunámskeið, tali íslensku eða noti táknmál og líkamstjáningu í samskiptum en bregði ekki fyrir sig ensku. Það er mun vænlegra til árangurs fyrir báða aðila, sagði Jórunn að lokum.



Þessi hópur erlendra starfsmanna á LHS var útskrifaður af framhaldsnámskeiði í íslensku í byrjun desember. Peter Vosicki kennari er í annarri röð lengst til hægri

Mikilvægt að yfirmenn og samstarfsfólk erlendra starfsmanna sem sækja íslenskunámskeið, tali íslensku eða noti táknmál og líkamstjáningu í samskiptum



NÁMSKEIÐ

á vorönn 2008

Fyrstu námskeið hefst 21. janúar

Gagn og gaman

Listir og menning

Tungumál

Nám fyrir atvinnulífið

Nám fyrir einstaklinga á vinnumarkaði

Áhersla er lögð á:

- Að námið sé sniðið að þörfum og getu fullorðinna einstaklinga
- Að hægt sé að stunda námið með vinnu
- Að námið sé hagnýtt og í takt við þarfir atvinnulífs og nemenda



Leikskólabrú er fyrir fólk 22ja ára og eldra sem hefur a.m.k þriggja ára starfsreynslu við uppeldi og umönnun barna á leikskólum og hefur lokið samtals 230 stundum í starfstengdum námskeiðum.

Í leikskólabrúnni gefst nemendum kostur á að ljúka leikskólaliðanámi á skemmri tíma

en ella og er námið 31 eining. Fyrra nám og starfsreynsla nemenda er metinn og er matið byggt á reglum um mat á óformlegu námi sem menntamálaráðuneytið gefur út. Starfsreynsla í leikskólum er metin sem starfsþjálfunarhluti námsins. Námið er 31 eining og eru kenndar 8 einingar á hverri önn.

Leikskólabrú hefst 16. janúar og kenndar eru 8 einingar á fyrstu önn.



Félagsliðabrú er ætluð fólki sem vinnur við umönnun t.d. á öldrunarheimilum, í heimaþjónustu eða við heimahlynningu. Þetta er fjögurra anna einingánám sem kennt er samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins. Námið er 32 einingar og eru kenndar 8 einingar á hverri önn.

Námið er fyrir fólk sem hefur þriggja ára starfsreynslu við umönnun og hefur lokið samtals 230 stundum í starfstengdum námskeiðum.

Félagsliðabrú hefst 16. janúar og kenndar eru 8 einingar á fyrstu önn.

Íslenska fyrir útlendinga Icelandic for foreigners

Fyrstu námskeið hefst 14. janúar • First courses start 14th of January

Nauka języka islandzkiego dla cudzoziemców Islandés para extranjeros
ภาษาไอซ์แลนด์สำหรับชาวต่างชาติ Исландский для иностранцев
Tiếng bãng đảo cho người nước ngoài 外国人的冰岛语学习班
Kursevi islandskog jezika





Metár hjá Starfsafli

Mjög ánægður með árangurinn

- Segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri

Starfsafl, fræðslusjóður fyrir Eflingarfélaga á almenna vinnumarkaðnum, hefur sjaldan veitt fleiri fræðslustyrki til félaga en á síðasta ári eða 1.424 styrki sem er um 32% aukning frá árinu 2006. Fjöldi styrkja hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin. Við erum mjög ánægð með árangurinn og það stefnir í metár hjá Starfsafli fyrir árið 2007, segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls kampakátur í viðtali við Fréttablað Eflingar.

Ástæður fyrir þessari jákvæðu þróun eru tvenns konar. Annars vegar sýnir þetta að kynningarstarf Starfsafls og stéttarfélaganna sem standa að sjóðnum er að skila árangri. Þar skipta fundahöld og maður á mann aðferðin miklu máli. Hins vegar er alveg greinilegt að stóruaukið fjármagn frá ríkinu í íslenskukennslu á síðasta ári hefur aukið aðsókn og þar með fjölda styrkja sem við veitum í þessa tegund fræðslu. Upphæð hvers styrks er hins vegar minni í íslस्कunámið vegna þessara auknu fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Það er í sjálfu sér eðlilegt því það getur ekki verið eingöngu hlutverk aðila vinnumarkaðarins að styrkja íslenskukennslu. Það hlýtur að vera, eins og reyndin er núna, samvinnuverkefni

ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Það er hagur allra þessara aðila að aðlögun nýrra Íslendinga verði sem best að samfélaginu, segir hann.

Að sögn Sveins var árið 2007 einnig mjög gott hvað snertir fjölda styrkja Starfsafls til starfsmenntunar inni í fyrirtækjum Flóabandalagsfélaga. Alls voru samþykktir um 48 styrkir til fyrirtækja

sem er um 80% fjölgun frá fyrra ári.

Sveinn sagði að fjöldi einstaklingsstyrkja hefði aukist jafnt og þétt síðustu árin. Árið 2005 voru afgreiddir um 950 styrkir, tæplega 1100 árið 2006 og í fyrra, 2007, um 1420 styrkir. Þetta er mjög ánægjuleg þróun og sýnir að við erum á réttri leið, sagði Sveinn að lokum.



Unnið við framleiðslu á konfekt hjá Nóa –Síríusi

Leikskólaliðar enn og aftur af stað!

Frábær reynsla

- Segir Sigurrós Kristinsdóttir

Nú er tækifæri til að skár sig í leikskólaliðanámið hjá Eflingu og Mímisímenntun. Í janúar er að fara af stað nýr hópur í Leikskólaliðanáminu. Það er um að gera að vera snöggur að skrá sig því fyrstur kemur fyrstur fær. Skilyrði fyrir inngöngu eru að hafa starfað á leiksóla í a.m.k. 3 ár og vera orðin 22 ára. Auk þess þurfa tilvonandi leikskólaliðar að hafa lokið fagnámskeiðunum áður en þeir hefja nám í leikskólabrúnni. Flestu starfsfólki leikskóla er orðin brúin að góðu kunn því fjölmargt starfsfólk hefur farið í þetta vinsæla nám.

Sigurrós Kristinsdóttir 1. varaformaður Eflingar útskrifaðist sem leikskólaliði



nú í desember og er hún mjög ánægð og segir það frábæra reynslu að hafa farið í gegn um námið. Sigurrós segir að

stemmningin og vináttan sem myndaðist í hópnum sem hún var í hafi gefið náminu aukið gildi.



Þekktu rétt þinn til símenntunar

Hjá Endurmenntun eru fjölbreytt námskeið í boði, nám samhliða starfi og á meistarastigi. Skemmtilegt nám við allra hæfi með frábærum kennurum.

Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði – kynntu þér Endurmenntun Háskóla Íslands.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

endurmenntun.is sími 525 4444

Fræðslustyrkir

Hvað endurgreiðir Efling?

- Allt að 60.000.- kr. styrkur

Félagsmenn Eflingar geta sótt um endurgreiðslu á námi og námskeiðum sem þeir sækja. Reglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 6–12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega ef um hlutastörf er að ræða. Styrkir til einstakra félagsmanna vegna starfsnáms geta verið á bilinu 50.000 - 60.000,- kr. á ári. Almennt er þó ekki greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið. Starfsnám getur til dæmis verið nám í öldungadeildum framhaldsskóla, tölvuskólum og tungumálaskólum. Tólmstundanám er styrkt að hámarki 15–18.000,- eða 50% af verði námskeiða. Tólmstundanám getur til dæmis verið matreiðsla, fluguhnýtingar og postulínsmálun.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að



nálgast á skrifstofu Eflingar og á heimasíðunni www.efling.is, skila inn frumriti reiknings fyrir greiðslu á námskeiði

og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Styrkir eru greiddir út mánaðarlega.

Efling pays part of your education!!



Members of Efling union can apply for educational grants. The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a refund must have been members of the union for a 6–12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves is from 50.000 - 60.000,- kr. a year. The main rule is that the total amount paid by Efling covers maximum 75% of the cost of the course. In case of hobby courses the amount paid by Efling is 15–18.000,- kr. or maximum 50% of the cost.

In order to apply for a refund applicants must fill out a special form, available at the union office and on the union website www.efling.is. Applicants must also present receipt(s) for payment for the course together with a certificate that states that the course or semester is finished. Grants are paid every month.

Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007 af tímaritinu IPE





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- | | | |
|---|---|--|
| ☐ Framtíðarsýn 1
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35% | ☐ Framtíðarsýn 2
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20% | ☐ Framtíðarsýn 3
Bundinn
innlánsreikningur |
|---|---|--|

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar 2008

Tekið við umsóknum til 15. febrúar

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 15. febrúar n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsin liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík

og á heimasíðu félagsins www.efling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi og með pósti.

Umsóknareyðublað fylgir þessu tölublaði.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlíð - með potti	3	17.000 kr.	48
Flúðir - með potti	1	17.000 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	17.000 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	15.000 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	17.000 kr.	60
Svignaskarð - stærra m/potti	1	20.000 kr.	60
Svignarskarð - lítil m/potti	6	15.000 kr.	48
Svignaskarð - SKARÐ	1	25.000 kr.	60
Skorradalur - Hvammur	1	25.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	17.000 kr.	60
Akureyri	5	17.000 kr.	48
Kaupmannahöfn	3	40.000 kr.	60

Úthlutun mun liggja fyrir 22. febrúar og greiðslufrestur er til 29. febrúar n.k. Frá og með 4. mars er hægt að athuga hvort eitthvað hafi fallið út. Húsin verða leigð í viku frá 19. – 26. mars n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á

iðgjaldasögu félagsmanna síðustu 12 ár. Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið efling@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um sem fyrsta valkost, annan valkost og allt að sex valmöguleika.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 5 manns.



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 8 manns.



Svignaskarð stærra hús

Leigutími: Allt árið

1 hús með potti. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa. Eldhús m/uppbvottavél og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 8 manns.



Skarð, Svignaskarði

Leigutími: Allt árið

Nýuppgert einbýlishús með glæsilegasta móti. Fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofa, sjónvarpskrókur, borðstofa og eldhús m/uppbvottavél. Stór verönd með heitum potti. Alls geta 10 gisti í rúmum og fjórir á dýnum auk þess sem barnarúm er á staðnum.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetrar með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gisti þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: Allt árið

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnnaðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið

Fimm íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en í einu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.



Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: Leigt frá þjónustumiðstöð, s: 483 - 4260, opið mán., þri. og fim. 12:30 - 16.00 og fös. 14.00 - 20.30.

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Johan Semp's Gade 7



Ravnsborggade 14



Hans Hedtoftsgade 5

Kaupmannahöfn - Leiguíbúð

Leigutími: Allt árið

Heimilisföng:

Johan Semp's Gade 7, Christianshavn, 1. hæð til vinstri

Ravnsborggade 14, Norrebro, 1. hæð til vinstri

Hans Hedtoftsgade 5, Islandsbrygge, 4. hæð til hægri

Íbúðirnar eru vel búnar, tvö rúmgóð svefnherbergi, svefnsófi í stofu.

Þær eru allar í fjölbýlishúsum, og eru lyftur í Johan Semp's Gade og Hans Hedtoftsgade.

Badherbergi eru, með sturtu og salerni, þvottavél og þurrkari og uppþvottavél í eldhúsi.

Sængurföt á sex rúm eru innifalín í leiguverði og sjá gestir um að setja á rúm og ganga frá eftir leigu.

Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og íbúð vel umgengin og þrífín.

Umsjónarmaður á vegum Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina eftir hverja dvalargesti.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis

Fjarnám Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu:

www.ir.is (Námsframboð – Fjarnám)

Innritun lýkur **20. janúar** og kennsla hefst **miðvikudaginn 23. janúar**.

Alls eru í boði 70 áfangar með áherslu á starfstengt nám.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Erlendir félagsmenn

Mikil aðsókn að fundum Eflingar



Síðasti kynningarfundur á þessu hausti með erlendum félagsmönnum var haldinn í lok nóvember og troðfylltu þá Pólverjar fræðslusali Eflingar í Sæt-úni 1. Þetta var níundi fundurinn með erlendum starfsmönnum, en sérstakir kvöldfundir hafa verið með Pólverjum, Litháum og síðan fyrir enskumæl-andi fólki. Síðasti fundurinn í þessari fundaröð var svo fjölmennur að skipta varð fundinum upp í tvo fundarsali.

Um 300 manns frá 118 fyrirtækjum

hafa sótt fundina sem hafa verið haldn-ir öll miðvikudagskvöld í október og nóvember, ýmist á ensku, pólsku eða litháísku. Túlkar hafa verið á staðnum. Fundarmönnum voru kynnt helstu rétt-indi og skyldur á vinnumarkaði ásamt ýmsum gagnlegum upplýsingum um stéttarfélagið og opinberar stofnanir. Þá er ætíð gefinn kostur á að bera fram fyr-irspurnir sem starfsmenn félagsins svara á fundinum.

Almennt virðast málin ganga vel fyrir

síð á vinnustöðunum en helstu vanda-mál sem komið hafa fram í haust snúa að málum varðandi brot á hvíldartíma, orlofi og að vinnufatnaður virðist ekki vera afhentur í öllum tilfellum þar sem við á.

Mikið var spurt um lífeyrissjóðina og réttindi hjá Tryggingastofnun ríkisins ásamt ýmsu sem snýr að skattinum.

Stefnt er að því að halda áfram með álíka fundi eftir áramót.



Jarðlagnatæknin vinsæl

Nýr hópur í janúar

Jarðlagnatæknin er gott dæmi um nýja menntun sem atvinnulífið þurfti á að halda. Árlega er stór hópur manna sem sækir sér þessi réttindi sem eru mjög mikilvæg fyrir alla sem vinna við lagn-ir í jarðvegsvinnu. Atvinnurekendur spyrja oft um þessi réttindi og eiga þeir auðveldara að fá störf sem hafa mennt-un jarðlagnatækna að baki. Mörg stór fyrirtæki eins og til dæmis Orkuveit-an setja það sem skilyrði að í hverjum vinnuflokki sé að minnsta kosti einn starfsmaður með réttindi sem jarðlagna-tæknir.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálg-ast hjá Eflingu stéttarfélagi eða Mími-símenntun.



Öflugt nám fyrir

Trúnaðarmenn Eflingar

Trúnaðarmenn Eflingar eru mikilvægur hlekkur í starfi félagsins og kappkostað er að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu þar sem farið er yfir grundvallarþætti vinnumarkaðarins, erfið samskipti, framkomu, ræðumennsku og margt fleira. Trúnaðarmannanámskeið I og II eru vikunámskeið sem allir trúnaðarmenn eru hvattir til að sækja. Trúnaðar-

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar

mannanámskeið III er þriggja daga námskeið og er þá farið út fyrir höfuðborgina.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálf-sögðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Trúnaðarmannanámskeið I

Á þessu námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

Trúnaðarmannanámskeið II

Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf

verkalyðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

Trúnaðarmannanámskeið III

Námskeiðið er framhald af I og II. Farið er út fyrir höfuðborgina og gíst í tvær nætur. Meginefni námskeiðsins er m.a. hópefli, samtaltækni, vel rökstuddur málflutningur og ræðumennska.

Námskeiðin eru haldin í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð nema annað sé tekið fram.

Skráning og allar nánari upplýsingar eru á skrifstofu Eflingar.



Við aðstoðum þig í námi!

Félagsmenn í Eflingu, Hlíf, Verkalýðs- og sjómanna-
félagi Keflavíkur sem og fyrirtæki geta sótt um styrk
til starfstengds náms og námskeiða.

www.starfsafl.is
Stuðningur við atvinnulífið.



EINN.TVEIR OG ÞRÍR 390.006

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Check our web page for grants for job-related courses.

Námskeið Eflingar vor 2008

	Byrjar	Endar
Nám fyrir trúnaðarmenn		
Trúnaðarmannanámskeið I	11.02.2008	15.02.2008
Trúnaðarmannanámskeið II	14.04.2008	18.04.2008
Trúnaðarmannanámskeið III	06.03.2008	08.03.2008
Námskeið almenns eðlis		
Landnemaskólinn	20.11.2007	21.02.2008
Grunnmenntaskólinn	08.01.2008	02.06.2008
Skref til sjálfshjálpar, aukin færni í lestri og skrift	Ákveðið síðar	
Fjármál heimilanna	12.03.2008	
Starfsmannasamtöl og sjálfstyrking	25.02.2008	03.03.2008
Starfslokanámskeið	18.02.2008	23.02.2008
Aftur í nám 15	08.01.2008	06.03.2008
Aftur í nám 16	19.02.2008	22.04.2008
Aftur í nám 17	03.04.2008	05.06.2008
Starfstengt nám		
Félagsliðar framhaldsnám í umönnun heilabílaðra, 2 hópar	Ákveðið síðar	
Félagsliðabré 8, fyrsta önn	16.01.2008	14.05.2008
Félagsliðabré 4, fjórða önn	14.01.2008	23.04.2008
Félagsliðabré 5 erl. félagsmenn, önnur önn	16.01.2008	23.04.2008
Félagsliðabré 6, þriðja önn	08.01.2008	20.05.2008
Félagsliðabré 7, önnur önn	14.01.2008	28.04.2008
Fagnámskeið II umönnun	19.02.2008	17.04.2008
Fagnámskeið II umönnun	19.02.2008	17.04.2008
Fagnámskeið II umönnun	18.02.2008	16.04.2008
Fagnámskeið II umönnun	18.02.2008	16.04.2008
Jarðlagntækni	07.01.2008	14.03.2008
Leikskólabré 5, fjórða önn	10.01.2008	15.05.2008
Leikskólabré 6, þriðja önn	07.01.2008	19.05.2008
Leikskólabré 7, önnur önn	09.01.2008	21.05.2008
Leikskólabré 8, fyrsta önn	15.01.2008	13.05.2008
Fagnámskeið I leikskólar	28.01.2008	01.02.2008
Fagnámskeið III leikskólar	25.02.2008	05.03.2008
Ferðapjónusta, grunnur	01.04.2008	20.05.2008
Fagnámskeið II eldhús	12.02.2008	04.17.2008

Hvenær	Klukkan	Hvar	Skráning
Alla virka daga	09.00-16.00	Efling Sætúni 1	Efling
Alla virka daga	09.00-16.00	Efling Sætúni 1	Efling
Miðvikud., fimmtud. og föstud.	ákveðið síðar		Efling
Þriðjud. og fimmtud.	15.00-18.30	Mímir Öldugötu 23	Mímir
Þriðjud., fimmtud. og 2x laugard.	16.30-20.30	Mímir Öldugötu 23	Mímir
			Mímir
	18.00-22.00	Efling Sætúni 1	Efling
Mánud., miðvikud. og mánud.	19.00-22:00	Efling Sætúni 1	Efling
Mánud., miðvikud. og laugard.	19.00-22:00/10.00-15.00	Efling Sætúni 1	Efling
Þriðjud. og fimmtud.	17.00-20.00	Mímir Öldugötu 23	Mímir
Þriðjud. og fimmtud.	17.00-20.00	Mímir Öldugötu 23	Mímir
Þriðjud. og fimmtud.	17.00-20.00	Mímir Öldugötu 23	Mímir
	13.00-16.00		Efling
Miðvikud. og 2x laugard.	16.30-20.15	Mímir Skeifunni 8	Efling
Mánud. og miðvikud.	16.30-19.30	Mímir Skeifunni 8	Efling
Miðvikud. og 2x laugard.	13.00-16.45	Mímir Skeifunni 8	Efling
Þriðjud. og 2x laugard.	16.30-20.15	Rafiðnaðarskólinn	Efling
Mánud. og 2x laugard.	16.30-20.15	Rafiðnaðarskólinn	Efling
Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13.20-16.15	Mímir Skeifunni 8	Efling
Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13.20-16.15	Rafiðnaðarskólinn	Efling
Mánud., þriðjud. og miðvikud.	13.20-16.15	Mímir Öldugötu 23	Efling
Mánud., þriðjud. og miðvikud.	13.20-16.15	Mímir Skeifunni 8	Efling
Mánud. og föstud.	08.30-17.00	Mímir Skeifunni 8	Efling
Fimmtud.	17.30-21.15	Efling Sætúni 1	Efling
Mánud.	17.30-21.15	Mímir Öldugötu 23	Efling
Miðvikud.	17.00-20.45	Mímir Öldugötu 23	Efling
Þriðjud.	17.30-21.15	Mímir Skeifunni 8	Efling
Alla virka daga	08.50-15.30	Mímir Skeifunni 8	Leikskólasvið RVK
Alla virka daga	08.50-15.30	Mímir Skeifunni 8	Leikskólasvið RVK
Ákveðið síðar			Efling
Þriðjud. og fimmtud.	15.15-18.10	Menntaskólinn í Kópavogi	Efling

Sumarferðir Eflingar 2008

Efling í Mjóafjörð

– og náttúrskoðun í Papey



Tvær ferðir verða farnar á vegum Eflingar næsta sumar. Fyrri ferðin verður farin 26.- 29. júní. Farið verður út í Papey og í Mjóafjörð. Fyrsta daginn verður ekið til Djúpavogs og gist þar í tvær nætur. Á öðrum degi verður farið út í Papey og eyjan skoðuð undir leiðsögn fróðra manna. Á þriðja degi verður farið í Mjóafjörð hann skoðaður

og síðan ekið að Laugum í Reykjadal. Á fjórða degi er haldið heim.

Lagt verður af stað frá Sætúni 1, fimmtudaginn 26. júní kl. 8.15 stundvíslega.

Innifalið í ferðinni er akstur, leiðsögn, gisting á Hótel Framtíðin, Djúpavogi og á Laugum í Reykjadal, morgunverð-

ir og kvöldverðir. Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti fyrir hádegishressingu.

Innritun í ferðina hefst 3. mars á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags, Sætúni 1.

Ferðin kostar kr. 30.000.-

Snæfellsnes

Á jökulinn í snjótroðara



Snæfellsjökull séð frá Arnarstapa

Seinni sumarferð félagsins verður á Snæfellsnesið 4.-6. júlí. Fyrsta daginn verður farið um sunnanvert Snæfellsnesið og ekið til Ólafsvíkur og gist þar báðar næturnar. Á öðrum degi verður farið upp á Snæfellsjökul í snjótroðara og á snjósleðum. Síðan verður næsta nágrenni skoðað. Á þriðja degi verður farið um norðanvert Snæfellsnesið og komið við á völdum stöðum eins og t.d. í Bjarnarhöfn.

Lagt verður af stað frá Sætúni 1, föstudaginn 4. júlí kl. 8.15 stundvíslega.

Innifalið í ferðinni er akstur, leiðsögn, gisting á Hótel Ólafsvík, morgunverðir og kvöldverðir. Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti fyrir hádegishressingu.

Innritun í ferðina hefst 3. mars á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags, Sætúni 1.

Ferðin kostar kr. 20.000,-

Dagsferðir næsta haust

Dagsferðir Eflingar verða í september eins og vanalega. Þær verða auglýstar síðar.

Spennandi utanlandsferð Eflingar 2008!!

Nova Scotia í Kanada



Frá Peggy's Cove í Nova Scotia

Þeir félagsmenn Eflingar sem ætla að ferðast erlendis með félaginu næsta sumar eiga spennandi ferð í vændum. Á síðasta sumri var farið í austurveg umhverfis Finnska flóa og gerði sú ferð mikla lukku. Í sumar vindum við okkar kvæði í kross og höldum í vesturveg. Ferðin liggur til Nova Scotia í Kanada. Þetta er í fyrsta skipti sem farið er í Eflingarferð út fyrir Evrópu.

Á 1. degi er flogið til Halifax og þar verður gíst í þrjár nætur. Á 2. degi er skoðunarferð um Halifax og nágrenni, en 3. dagur er frjálfs.

Halifax er höfuðstaður Nova Scotia – eða Nýja Skotlands – og var stofnað 1749. Íbúar Nova Scotia telja sig komna af skotum þótt flestir séu komnir af Bretum.

Í Halifax er mikið af verslunum og

hægt að gera hagstæð innkaup en margir Íslendingar hafa gaman af að líta í verslanir á ferðum sínum. Þar eru einnig mörg góð söfn fyrir þá fróðleiksfúsu.

Á 4. degi verður ekið frá Halifax suður á bóginn og gíst fjórar nætur á White Point Beach Resort. Á næstu dögum verður farið í skoðunarferðir m.a. til Lunenburg og Liverpool. Þá er gert ráð fyrir að halda kyrru fyrir í einn dag. Á 8. degi verður farið til baka til Halifax og flogið heim um kvöldið.

Aukin ökuréttindi - Meirapróf



Næsta námskeið hefst 9. janúar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal.
Lærðu í nútímanum.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Ferðirnar verða tvær. Fyrri ferðin verður farin 5.–12. júní og seinni ferðin 12.–19. júní og eru báðar ferðirnar eins. Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting, morgunverður, kvöldverður, allar skoðunarferðir og akstur.

Innritun hefst á skrifstofu Eflingar 6. mars n.k. kl. 8.15 og ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta.

Ferðin kostar kr. 85.000.- fyrir félagsmann en kr. 95.000.- fyrir maka eða ferðafélaga ef hann er ekki í Eflingu. Greiða þarf staðfestingargjald fyrir 19. mars og greiða þarf ferðina að fullu í síðasta lagi þann 5. maí.



www.efling.is



Hin hliðin á Gylfa Arnbjörnssyni, framkvæmdastjóra ASÍ

Gleymi ekki þeirri sýn

Gylfi og fjallabíllinn við sporð Þjórsárjökuls í suðausturenda Hofsjökuls

Ég var ungur þegar ég fór að horfa til fjalla og fékk áhuga á jeppaferðum og útiveru almennt. Einn félaga minna eignaðist jeppa og við fórum í nokkrar veiðiferðir m.a. í Veiðivötn og tjaldferðir á sumrin. Eftir að ég kom heim frá námi í Danmörku og flutti á Saudárkrók vaknaði áhuginn á fjallaferðum að nýju og ég keypti fjórhjóladrifinn Toyota Tercel. En hann dugði skammt á fjöllum og þá keypti ég fyrsta jeppann. Síðan hafa

fjallabíllarnir stækkað og núna er ég kominn á Nissan Patrol á 44 tommu dekkjum og er byrjaður að stunda fjallamennsku á veturnar, segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. Við sitjum á skrifstofunni hans í Sætúni 1 og áhugi hans á umræðuefninu leynir sér ekki. Hann geislar þegar hann segir frá ævintýrum sínum á fjöllum. Það er gaman að sjá þessa hlið á framkvæmdastjóra ASÍ sem er þekktur af öðru en ferðamennsku á fjöllum. Hann leyfði lesendum Fréttablaðs Eflingar að skyggjast örlítið til fjalla.....

Mörg undanfarin ár höfum við hjónin átt hluta sumarleyfa okkar á fjöllum, segir hann. En eftir að við gerðumst félagar í Ferðafélaginu Útivist höfum við kynnst stórum hópi fólks og í þeim hópi eru ferðafélagar okkar í jeppaferðum og gönguferðum. Reyndar er ég í stjórn Útivistar og Jeppadeildar innan félagsins og við erum að vinna að mörgum áhugaverðum verkefnum m.a. sem

varða öyggi ferðamanna á hálendinu, segir hann.

Vatnajökull alltaf heillað

Þegar Gylfi er spurður hvaða staðir séu mest spennandi segir hann að Vatnajökull hafi alltaf heillað sig. Svo eru Grímsfjall, Kverkfjöll og Snæfellið líka áhugaverðir staðir til vetrarferða. Leiðin umhverfis Hofsjökul og Þjórsárverin snævipakin eru í mestu uppáhaldi hjá honum. Á sumrin eru það svo Veiðivötn, Vonarskarð og Sprengisandur.

Einu sinni hefur hann lent í óhappi á ferðum sínum um hálendið. Ég var á leiðinni á Vatnajökul fyrir tveimur árum ásamt félögum mínum þegar við tókum þýska konu upp í bílinn sem ætlaði í Skaftafell. Hún sagðist starfa sem hjúkrunarfræðingur á skurðstofu á sjúkrahúsi í heimalandi sínu. Þegar við komum í Skaftafell höfðu samræður okkar við konuna leitt til þess að við buðum henni að koma með á jökulinn. Við vorum stödd norður af Vatnajökli,

Þeir sem hafa upplifað svona ógleymanleg augnablik og aka síðan daginn eftir inn í rokið og rigninguna aftur, skilja alveg hvað ég á við



Sólarupprás á Mælifellssandi, Mælifell til hægri á myndinni

á Dyngjujökli, þegar annað framhjólið á jeppanum sem ég ók, lenti í pytti fullum af krapa með þeim afleiðingum að stýrið snérist harkalega og braut á mér aðra höndina. Og nú kom sér vel að hafa hjúkrunarfræðing með í ferðinni því að hún bjó um brotið til bráðabirgða og svo var ekið stystu leið til lækis, en það var þvert yfir Vatnajökul á Höfn í Hornafirði.

Ég átti við þessi meiðsl í nokkurn tíma vegna þess að brotin voru lögð vitlaust saman á slysadeild Landspítalans. En færustu skurðlæknum á spítalanum tókst að setja þau rétt saman og ég er í góðu lagi núna, segir hann.

Áhuginn á fjallaferðum ekki minnkað

En þrátt fyrir þetta óhapp hefur áhugi hans á jeppaferðum ekki minnkað. Ég er búinn að upplifa það margar gleðistundir í ferðum mínum um hálendið að það mundi aldrei hvarla að mér að hætta í jeppamennskunni. Þeir sem hafa lagt af stað úr Örfasveit í roki og rigningu og ekið upp úr skýjunum í blíðskapararveður á Vatnajökli og horft á skýin fyrir neðan gleyma ekki þeirri sýn. Þeir sem hafa upplifað svona ógleymanleg augnablik og aka síðan daginn eftir inn í rokið og rigninguna aftur, skilja alveg hvað ég á við, segir hann að lokum.



Sauðhamarstindur við Tröllakröka á Lónsöræfum, austur af Vatnajökli



Horft til Skóga af Mýrdalsjökli við Fimmvörðuháls



Nýr starfsmaður í mötuneyti Eflingar

Líst vel á starfið

- segir Ragnheiður Baldursdóttir

Ragnheiður Baldursdóttir réðst til starfa í mötuneyti Eflingar í september sl. Ragnheiður er Vestfirðingur í húð og hár og ólst upp í Vigur í Ísafjarðardjúpi til átján ára aldurs en þá flutti hún til Reykjavíkur. Hún hefur lengi unnið sem matráðskona en þar fyrir utan á hún fjölbreyttan og skemmtilegan feril að baki í margvíslegum störfum á vinnumarkaði.

Ragnheiður og Óskar Óskarsson giftu sig fyrir vestan skömmu áður en þau fluttu til Reykjavíkur en Óskar er úr borginni og ungu hjónin ákváðu að hefja lífsbaráttuna þar. En það var yndislegt að alast upp í Vigur, segir hún.

Starfsfólkið hér tók líka mjög vel á móti mér og þetta er þægilegur vinnustaður

Foreldrar mínir tóku við búinu af föðurafa mínum og ömmu ásamt bróður pabba og þau stunduðu hefðbundinn búskap ásamt því að hafa hlunnindi af æðarvarpi og lundabyggð á eyjunni. Ragnheiður gekk í Reykjanesskóla og

dvaldi á heimavistinni en lauk grunn-skólaprófi á Ísafirði.

Ragnheiður segir að þeim hafi gengið vel að koma sér fyrir eftir að þau fluttu í bæinn. Ég fór að vinna sem dagmamma og var í því starfi til ársins 1986. Þá fór ég að vinna við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð og á sumrin rak ég veitingastaðinn Djúpmannabúð í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp. Hann var í eigu Átthagafélags Djúpmanna og var á leiðinni frá Bjarkarlundi til Ísafjarðar eða Hólmavíkur. Hún segir líka að börnin hafi verið hjá sér og Óskar hafi komið akandi vestur og dvaldi hjá okkur um helgar.

Svo var ég orðin þreytt á að vinna vaktavinnu og þá fór ég að vinna sem flokksstjóri hjá Félagsþjónustunni í heimaþjónustu. Ragnheiður segist hafa mikinn áhuga á matreiðslu og þegar henni bauðst starf í mötuneyti hjá Tryggingamiðstöðinni hafi hún slegið til og unnið þar í þrjú ár. Þá flutti ég mig yfir í mötuneytið í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi og það var mjög gefandi að vera innan um unglingana, segir hún. Þegar ég sá auglýst starf í mötuneyti Eflingar sem hefur verið mitt stéttarfélag undanfarin ár ákvað ég að sækja um og var ráðin.

Hún segir að sér lítist vel á starfið. Mötuneytið er lítið og heimilislegt og vel búið tækjum sem gefur meiri möguleika á að hafa matinn fjölbreyttari. Starfsfólkið hér tók líka mjög vel á móti mér og þetta er þægilegur vinnustaður í alla staði.

Ragnheiður og Óskar eiga þrjú uppkomin börn og fimm barnabörn.



Vigur í Ísafjarðardjúpi

TIL HAMINGJU ÍSLENDINGAR!

Okkur tókst ekki að sigra Evróvisjón síðastliðið vor en gekk öllu betur í Happdrætti Háskólans. 35.695 Íslendingar fengu vinning á síðasta ári. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is



**HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Evrópusambandið

Flestir vilja ekki flytja til útlanda

eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson



Á sama tíma og stjórn Evrópubandalagsins kynnir áætlun sína um að styðja og hvetja íbúa bandalagsins að sækja vinnu í öðrum héruðum eða löndum sýna kannanir að flestir eru tregir til að flytja frá sinni heimabyggð og setjast að annars staðar en í eigin landi. Og enn síður virðist fólk hafa áhuga á að flytja til annars lands. Viðhorf fólks er ekki þau sem ESB óskar.

Stjórn Evrópusambandsins segir að Evrópa hafi allt að vinna með auknum fólksflutningum á milli héraða og landa. Mikilvægt er að fyrirtækin eigi kost á vinnuframlagi fólks með þá menntun sem þau þarfnast til að vaxa og þróast og fyrir einstaklingana er mikilvægt að fá tækifæri til að auka kunnáttu sína. Innan sambandsins er unnið markvisst að þessu. Það er meðal annars gert með því að auðvelda fólki að fá menntun sína viðurkennda í öðru landi og að tryggja að fólk haldi óskertum félagslegum réttindum sínum. En Evrópubúar eru greinilega tregir til að flytja. Bæði innan síns lands og á milli landa. Þetta

kemur greinilega fram í könnun sem nýlega var kynnt.

Fáir vilja flytja

Aðeins 18% af íbúunum í 25 ríkjum Evrópusambandsins hafa flutt úr heimabyggð sinni, einungis 4% hafa flutt til annars lands innan bandalagsins og 3% til lands utan bandalagsins. Þrátt fyrir þetta telja nærri 70% af íbúum ESB það jákvætt að fólk flytji á milli landa. Í sömu könnun kemur fram, að af því fólki sem hefur flutt, er ungt fólk á aldrinu 25 – 34 ára jafn margt því sem er 35 – 54 ára, þótt það síðarnefnda hafi verið helmingi lengur í atvinnulífinu. Þetta ætti að gefa stjórn bandalagsins nokkra von um að þróunin þokist í rétta átt.

En Evrópusambandið vill að fólkið flytji þangað sem mest er þörf fyrir það

Til samanburðar þessum tölum, sem gilda um Evrópubúa, þá búa 32% af íbúum Bandaríkjanna í öðru fylki en því sem þeir fæddust í. Slíkur samanburður er þó varla raunhæfur, því þótt fylkin séu um margt ólík, þá eru Bandaríkin þrátt fyrir allt eitt og sama ríkið og tungmálið það sama. Ríki Evrópusambandsins eru að mörgu leyti ólík, bæði hvað varðar menningu, viðhorf, siði og venjur og tungumálin mörg og oft gjörólík. Slíkt skapar auðvitað vanda fyrir fólk, sem annars gæti hugsað sér að flytja til annars lands og lifa og starfa þar. Því má heldur ekki gleyma að félagslegar aðstæður fólks, ættingjar og vinir í heimalandinu, skólaganga barna og fleira heldur í fólk og ræður miklu um það hvort flutt er til útlanda eða ekki.


Fróðlegt væri að fá viðhorf Íslendinga

Í áðurnefndri könnun kemur fram að flestir þeirra sem flytja gera það vegna þess að þeim er boðið starf (34%). Allmargir flytja ástarinnar vegna. Það er að segja, þeir hafa hitt maka frá öðru landi

en heimalandinu. Hins vegar veldur það áhyggjum innan bandalagsins að samkvæmt svörum fólks eru þeir fáir sem gera yfirleitt ráð fyrir að flytja til annars lands. Þeir sem þó hafa það í huga eru hlutfallslega flestir í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, en eru þó ekki fleiri en 2,4 – 4,2% aðspurðra. Í „gömlu“ löndunum innan bandalagsins eru það Danir, Svíar, Finnar og Írar sem helst velta því fyrir sér að flytja burtu úr heimahögunum og setjast að í öðru landi. Þeir eru þó ekki margir, aðeins 1,5 – 3% þeirra sem voru spurðir.

Hvernig Íslendingar myndu svara í slíkri könnun er ekki vitað, en óneitanlega væri fróðlegt að sjá hvort viðhorf þeirra og skoðanir í þessu efni eru svipaðar öðrum íbúum Evrópu.

Almennt má segja að réttur íbúa bandalagsins til að flytja og starfa í öðru landi sé illa nýttur. En í þessu efni rekast á ólíkar áherslur í starfi bandalagsins. Annars vegar yfirlýst stefna þess um aukinn flutning fólks til landa þar sem



Tryggvi Þór Aðalsteinsson

vantar fólk til starfa og hins vegar takmarkanir og hindranir einstakra ríkja sambandsins gagnvart innflytjendum sem vilja setjast að og vinna. Þetta á til dæmis við um íbúa þeirra ríkja í Austur-Evrópu, sem nýlega hafa öðlast aðild að ESB og vilja flytja til „gömlu“ ríkjanna í Vestur-Evrópu, þar sem hærri laun og önnur betri kjör eru í boði. Áhugi Evr-

ópusambandsins að fá fólk til að flytja til héraða og landa þar sem ríkir uppgangur í efnahags- og atvinnulífi stangast líka á við aðra stefnu bandalagsins. Nefnilega þá að hamla gegn því að fólk yfirgefi byggðir þar sem atvinnuleysi og jafnvel vanþróun eru ríkjandi. Það er greinilega ekki létt fyrir stórt samfélag ríkja að vera sjálfu sér samkvæmt á öllum sviðum.



Icelandic for foreigners

Islandzki dla obcokrajowców

Framvegis offers Icelandic language courses. All courses are 30 class hours
 Teachers: Jóna Dís Bragadóttir, Bergur Tómasson og Helga Guðrún Loftsdóttir.

I. This course is intended for beginners in the Icelandic language. Students will build up their basic vocabulary with focus on oral exercises consisting of simple dialogues and other assignments. Emphasis will be put on pronunciation throughout the course.

II. Revision from course level 1. The aim of this level course is to increase the students vocabulary, specifically every day vocabulary. The subjects will vary from going shopping, to the doctor or dentist etc. Pronunciation is specifically trained and the focus is still on oral exercises.

III. Continued oral exercises, e.g. reading newspapers. Students get further training in affairs of daily life such as visiting institutions. Extensive outlook taken on daily life issues and studying more complex sentences. Special focus on pronunciation.

For registration please call **5814914** between 10 and 12 am, or send an email to: skraning@framvegis.is

Framvegis oferuje kursy nauki języka islandzkiego. Wszystkie kursy składają się z 30 godzin lekcyjnych
 Nauczyciele: Jóna Dís Bragadóttir, Bergur Tómasson i Helga Guðrún Loftsdóttir.

I. Ten kurs przeznaczony jest dla osób początkujących. Studenci uczą się podstawowego słownictwa a na zajęciach nacisk kładzie się na ćwiczenia ustne składające się z prostych dialogów i innych zadań oraz wymowę.

II. Przegląd kursu na poziomie 1. Celem zajęć na tym poziomie jest poszerzenie słownictwa, zwłaszcza słownictwa codziennego użytku. Tematy są różne, takie jak np. robienie zakupów, wizyta u lekarza lub dentysty itd. Kontynuowane są ćwiczenia z wymowy a nacisk nadal kładzie się na ćwiczenia ustne.

III. Kontynuacja ćwiczeń ustnych, np. czytanie gazet. Studenci dalej uczą się tego jak prowadzić rozmowy w różnych sytuacjach życia codziennego takich jak przebywanie w instytucjach. Szczególna uwaga poświęcona jest zagadnieniom codziennego życia i poznawanie bardziej skomplikowanych zdań. Szczególny nacisk kładzie się na wymowę.

W sprawie zapisów należy się kontaktować z numerem **5814914** pomiędzy godz. 10 a 12 lub wysyłając email na adres: skraning@framvegis.is

Framvegis - miðstöð um símenntun
<http://www.framvegis.is>

Framvegis - Ośrodek nauki dodatkowej
<http://www.framvegis.is>



Sigurður Bessason, formaður Eflingar, Sigurrós Kristinsdóttir, 1. Varaformaður og Fjöla Jónsdóttir, verkefnastjóri á lokaráðstefnu Framtíðar í nýju landi

Verkefnið hefur opnað augu okkar

- segir Sigurður Bessason

Verkefninu Framtíð í nýju landi er nú lokið og ber öllum saman um að það hafi tekist afskaplega vel. Verkefnið miðaði að því að aðstoða ungmennt af víetnömskum uppruna til að ná betri tókum á námi og starfi. Þetta verkefni hefur opnað augu okkar fyrir þeim miklu möguleikum sem erlend ungmennt eiga hér í námi og á vinnu-markaðnum, sagði Sigurður Bessason í stuttu ávarpi við athöfn þegar verkefninu lauk formlega. Hann nefndi sérstaklega Anh- Dao, verkefnastjóra sem hefði borið verkefnið á herðum sér og síðan dugmikla verkefnisstjórn í málinu.

Það er merkilegt að líta til baka til fullveldisdagsins 1. desember 2004 þegar þessu verkefni var hleypt af stokkum, sagði hann. Fyrir þann tíma snerist umræðan fyrst og fremst um stöðu erlends launafólks á íslenskum vinnu-markaði. Fáir höfðu gert sér grein fyrir

þeim breytingum sem voru að eiga sér stað í íslensku samfélagi þó að við, nú þremur árum seinna, upplifum sterkt öll þessar fjölbreyttu breytingar. Umræðan var vissulega hafin um það hvernig við gætum tryggt réttindi allra á vinnu-markaði en alls ekki um stöðu þessa hóps sem fjölskyldna eða einstaklinga. Fyrstu skrefin við slíkar aðstæður verða því alltaf erfiðust, sagði hann.

Það er ástæða til að hrósa þeim sem voru frumkvöðlar að þessu verkefni,

Þetta er vegvísir inn í framtíðina, í skólana og menntastofnanir þar sem hægt væri að nýta þá dýrmætu reynslu sem fengist hefði með þeirri miklu vinnu sem átt hefði sér stað í tengslum við þetta mál

verkefnisstjórninni og ég held að ekki sé á neinn hallað, sagði hann, þó hann nefndi Anh- Dao sérstaklega. Þetta verkefni hefur opnað augu okkar fyrir stöðu ungmenna af erlendum uppruna sem flytjast hingað. Við vitum að það eru margir farartálmar sem þeir glíma við í sínu daglega lífi og ekki síður hversu torsótt leið þeirra er að aukinni menntun á meðan full leikni í íslensku máli er ekki fyrir hendi.

Sigurður sagðist draga þá ályktun helsta af verkefninu að það væri vegvísir inni í framtíðina, í skólana og menntastofnanir þar sem hægt væri að nýta þá dýrmætu reynslu sem fengist hefði með þeirri miklu vinnu sem átt hefði sér stað í tengslum við þetta mál. Það kostaði fé og fyrirhöfn að halda áfram á leiðinni en það mætti ekki einblína á það heldur þann mikla árangur sem þessi vinna hefði skilað bæði þátttakendum og þjóðfélaginu sjálfu.

NÝIR TÍMAR – NÝJAR LEIÐIR


Mynd: RAX

Ný siglingaleið

Eins og vatn finnur sér stöðugt nýja farvegi, leitar Eimskip sífellt nýrra leiða til að mæta síbreytilegum þörfum viðskiptavina sinna.

Nýtt siglingakerfi verður tekið upp frá og með 1. janúar 2008. Bætt verður við nýrri siglingaleið, Austurleið, sem tengir Danmörku, Svíþjóð, Noreg, Færeyjar, Bretland og Ísland. Auk þess verða smávægilegar breytingar á Norðurleið en Suðurleið helst óbreytt.

Nýja kerfið mun leiða til stórauðinnar flutningsgetu og fjölga möguleikum í bæði innflutningi og útflutningi. Að auki tryggir nýja siglingakerfið tíðari ferðir, traustari þjónustu og meiri áreiðanleika fyrir viðskiptavinum.



Barmmerkin hafa áhrif



Undirbúningshópur átaksins, Katla Þorsteinsdóttir, Alþjóðahúsi, Fjóla Jónsdóttir, Eflingu, Kristín Sigurðardóttir, VR, Kristín Hulda Guðmundsdóttir, SVP, Marianna Traustadóttir, ASÍ ásamt tveimur starfsmönnum hjúkrunarheimila Emilija Maciunaite og Jurate Leskiene

Barmmerkin sem margir hengdu á sig í síðasta mánuði hafa haft mikil áhrif. Á mörgum vinnustöðum þar sem erlendir starfsmenn vinna bera margir merkin og jákvæð umræða hefur myndast í þjóðfélaginu um hvernig við eigum að kenna hvert öðru tungumálið íslensku og umbera að það tekur tíma að læra móðurmál okkar íslendinga.

Fullyrða má að sú jákvæða aðferð sem beitt var við kynningu barmmerkjanna hefur haft mikil áhrif á það hve vel herferðin gekk. Minnt var á að það eru 300.000 íslenskukennarar á Íslandi. Nágrannar, vinnufélagar, bekkjarfélagar, viðskiptavinir, sessunautar og aðrir geta hjálpað til í íslenskunáminu. Allir geta lagt eitthvað af mörkum.

Margvíslegar ábendingar komu fram til almennings svo sem:

- Ekki tala ensku af fyrri bragði, tala íslensku nema að viðkomandi biðji um annað.
- Gefa sér tíma til að hlusta og eiga samræður á íslensku, þó að viðmæl-

**Minnt var á að það eru
300.000 íslenskukennarar
á Íslandi**

andi hafi takmarkaðan orðaforða eða tali hægt.

- Ef viðmælandi skilur ekki hvað þú ert að segja, þá er ráð að endurtaka og tala aðeins hægar eða að breyta um orðalag og nota einfaldari orð.

- Það er ráð að nota frekar beina orðræðu til þeirra sem eru að læra tungumálið, án þess að nota barnamál.

Það voru Alþjóðahúsið, ASÍ, Efling, Samtök verslunar og þjónustu og VR sem tóku höndum saman og létu útbúa barmmerki með ýmsum skilaboðum. Barmmerkin minna á að það tekur tíma að læra nýtt tungumál, að það verður að sýna þolinmæði og jákvæðni og hvatning sakar ekki. Jafnframt er minnt á að íslenskan er jafnvel erfð þeim sem eiga hana að móðurmáli, þannig að fólk þarf að sýna þeim skilning sem eru að setjast að á Íslandi og byrja að læra.

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmannna



Anna Lilja Sigurðardóttir



Karl Ó. Karlsson

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli kl. 13.00 og 16.00. Það eru lögmennirnir Karl Ó. Karlsson og Anna Lilja Sigurðardóttir frá lögmannsstofunni LAG lögmenn sem eru til aðstoðar. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.



Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Nú lækka félagsgjöldin í

0.7%

frá og með 1. janúar 2008


EFLING
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér



Samskipti fólks á vinnustaðnum hafa minnkað

- segir Jóhann Ingvar Harðarson, trúnaðarmaður gámabílstjóra hjá Eimskip

Ég kynntist hafnarvinnunni fyrst árið 1973 þegar ég hóf störf hjá Eimskip í Sundahöfn. En síðan urðu miklar breytingar á skipaflutningum eftir að gámarnir komu til sögunnar og ný tækni var tekin upp við lestun og losun á hafnarsvæðinu, segir Jóhann Ingvar Harðarson, trúnaðarmaður gámabílstjóra hjá fyrirtækinu. Jóhann vinnur við akstur á gámabíl og segist hafa verið viðloðandi trúnaðarmannastarfið frá 1980.

Við erum tveir á bílnum og skiptumst á vöktum frá klukkan átta að morgni til fjögur síðdegis. Þá hefst seinni vaktin og henni líkur klukkan tólf á miðnætti en við þurfum oft að vinna lengur, segir hann.

Hann segir að vinnuumhverfið í Sundahöfn hafi tekið miklum breytingum á undanförunum árum og flestar hafi verið til góðs. En mér þykir miður að stytting á kaffitímum og matartímum hefur orðið til þess að samskipti fólks á vinnustöðum hefur minnkað mjög mikið og það þekkist ekki lengur að menn taki í spil eða tefli í matsalnum.

Hef áhuga á að efla samskipti Eflingar og félagsmanna

Aðspurður um trúnaðarmannastarfið segist hann ekki hafa fengið nein stór mál inná borð til sín ennþá. En það sé oft einhver núningur í gangi milli manna. Þegar Jóhann er spurður um öryggi starfsmanna á útisvæðinu í Sundahöfn segir hann að öryggismálin hafi verið endurskoðuð í kjölfar alvarlegra slysa á árum áður. Síðan hafa þau verið í lagi að mestu en það má alltaf gera betur, segir hann.

Aðspurður um ástæður fyrir endurskoðuninni segir Jóhann að eftir þrjú dauðsföll og tvö alvarleg slys seint á áttunda áratug síðustu aldar sem leiddu til þess að þolendur misstu útlími hafi hafnarverkamennirnir lagt niður vinnu til þess að mótmæla slæmum aðbúnaði á hafnarsvæðinu. Vinnustöðvunin leiddi til þess að öryggismálin voru tekin föstum tókum. Um tíma komu lækningar með sjúkrabílum sem veittu sjúklingunum rétta meðferð á slysstaðnum vegna þess

að öll slysín á hafnarsvæðinu voru talin það alvarleg.

En þetta er liðin tíð og núna er góður starfsandi innan fyrirtækisins og ég hef upplifað margt jákvætt á undanförunum misserum ásamt vinnufélögum mínum. Enda hafa sumir starfsmennirnir unnið saman í yfir þrjátíu ár, segir hann.

Jóhann segist hafa áhuga á að beita sér fyrir bættum kjörum og aðbúnaði fyrir vinnufélaga sína og betri tækjabúnaði. Svo hef ég líka áhuga á að efla samskipti Eflingar við félagsmenn sína. Þau hafa ekki verið í nógu góð lagi uppá síðkastið að mínum dómi, segir hann. Það mætti t.d. hugsa sér að félagið sendi starfsmenn á vinnustaði tvisvar á ári til þess að taka púlsinn á því hvað menn eru að hugsa varðandi vinnuumhverfi sitt og kjaramálin á hverjum tíma.

Aðspurður um áhugamál segist Jóhann ferðast mikið um Ísland á sumrin á fjallabílum sínum.

Jóhann er ókvæntur og barnlaus.



VIÐ BJÓÐUM UPP Í DANS

Mambó
Tjútt
Freestyle
Break
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tískudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Innritun og
upplýsingar
í síma 553 6645
eða á dansskoli.is

Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög
veita styrki vegna dansnámskeiða.



Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar



DANSSKÓLI
Jóns Peturs og Köru

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.dansskoli.is



Hvaða reglur gilda um hvíldartíma?

Oft er spurt hvaða reglur gildi hér á landi um hvíldartíma starfsmanna. Í stuttu máli má segja að starfsmaður skal ætíð fá 11 tíma samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Ef það gerist að starfsmaður þarf að

mæta eða er gert að mæta til starfa áður en hann hefur náð þessari 11 tíma hvíld, þá skal hann fá aukahvíldartíma sem nemur einni og hálfri klukkustund fyrir hvern þann klukkutíma sem hvíldartími hans hefur skerst um.

Þá skal starfsmaður ætíð hafa einn vikulegan frídag en heimilt er að semja milli atvinnurekanda og launamanns um að fresta vikulegum frídegi þannig að hann geti tekið tvo samfellda frídaga á tveimur vikum t.d. laugardag og sunnudag.

What rules do we have concerning rest time?

Employees shall have at least 11 hours of consecutive rest every working day. If an employee has to or is requested to come to work before the 11 hour rest has been fulfilled, the employee must have additional resting time of 1.5 hour

for every hour by which the resting period is short of.

All employees must have at least one weekly day off. If employers and employees decide to negotiate to postpone

the rest day, they can do so and in that case the employers must have two consecutive rest days, for example Saturday and Sunday.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Plötusmíði

A góðum jámum



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Sigurður Bessason ræðir við þátttakendur á trúnaðarmannanámskeiði hjá Eflingu

Trúnaðarmannanámskeið

Ræddu kjarasamningana

Um miðjan nóvember var hópur trúnaðarmanna útskrifaður af Trúnaðarmannanámskeiði I í Fræðslusetri Eflingar. Námskeiðið stóð yfir í viku og

það var almenn skoðun þátttakenda að námsefnið ætti eftir að hjálpa þeim mikið í trúnaðarmannastarfinu. Sigurður Bessason, formaður Eflingar leit við

hjá hópnum skömmu fyrir útskriftina og ræddi m.a. um kjarasamningana sem eru framundan.



Við erum öll mikilvæg
- stöndum saman!

Efling-stéttarfélag • Sættún 1 • Sími. 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is



- stendur með þér



Sólarlandaferð

Kostaboð til eldri félagsmanna

Undanfarin ár hefur Efling – stéttarfélag staðið fyrir vorferð til sólarlanda fyrir eldri félagsmenn. Vinsældir þessara ferða hafa aukist ár frá ári og í fyrra var ásóknin slík að uppselt var á fyrsta söludegi og því miður ekki hægt að verða við óskum allra um sæti í ferðina. Benidorm hefur verið langvinsælasti áfangastaðurinn til þessa þó ýmsir aðrir möguleikar hafi einnig verið í boði. Nú er verið að skipuleggja ferðirnar í vor.

Fyrirhugað er að bjóða nú uppá þrjá möguleika.

Benidorm með brottför 15. apríl eða 22. apríl og getur ferðin staðið í þrjár eða fjórar vikur eða eftir því sem hentar hverjum og einum.

Tenerife með brottför 23. apríl til 20. maí.

Costa del Sol 26. apríl til 19. maí

Í boði verða bæði íbúðagisting án fæðis

og einng hótélherbergi með hálfu fæði. Breytt fyrirkomulag verður varðandi skráningu í ferðina en skráning fer nú fram hjá ferðaskrifstofunni og staðfesta þarf þátttöku við bókun með greiðslu á 50% af fargjaldinu.

Nánari upplýsingar koma fram í bréfi til eldri félagsmanna sem sent verður til þeirra í þessum mánuði. Munið að fyrstir koma fyrstir fá.

Dagbókin 2008 komin út

Dagbók Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2008 er komin út og hefur þegar verið send til félagsmanna. Í bókinni er nú að finna öll helstu málefni sem snerta félagsmenn Eflingar. Dagbókin liggur frammi í afgreiðslu félagsins og er jöfn eftirspurn eftir henni allt árið.

Í dagbókinni er fjallað um öll helstu mál sem snerta félagsmenn, réttindi og skyldur launafólks þannig að reynt er að miða við að bókinni geti nýst launafólki á vinnustöðum til að gefa fyrstu upplýsingar. Hér er því að finna helstu upplýsingar um Eflingu, sjóði félagsins og annað gagnlegt.

Farið er yfir helstu áfanga í kjarabaráttu síðustu aldar, fjallað um kosti þess að vera félagsmaður í Eflingu og minnt á helstu atriði sem snerta kjör félagsmanna og kjarasamninga.

Gagnlegar upplýsingar eru um fræðslumál félagsins, sjóði þess og möguleika félagsmanna til að efla menntun sína og þekkingu.

Greinargóðar upplýsingar eru um réttindi í orlofs- og sjúkrasjóði og helstu atriði varðandi réttindi atvinnulauss fólks.

Dagbókin liggur frammi á skrifstofu Eflingar.

Veist þú að...?

Félagsmenn sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku halda nú réttindum til styrkja úr sjúkrasjóði í 24 mánuði frá starfslokum í stað 12 mánaða áður




Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkráliðagreinar - Tréiðnir
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

www.fb.is



Hestar á Lækjartorgi

Efling á nokkur póstkort gefin út af Þorláki O. Johnsen, líklega um aldamótin 1900. Þorlákur stofnaði sína verslun í Hafnarstræti 8 árið 1881. Á þessum kortum eru myndir af Reykjavík frá þeim tíma.

Í síðasta blaði vorum við með mynd af útifundi á Lækjartorgi en nú eru það hestar og þessi mynd er líklega um 50 árum eldri. Thomsens magasin snýr glæsilegum framgafli að Lækjartorgi. Margt

löngu síðar var það kallað Hótel Hekluhúsið eftir samnefndu hóteli sem þar var rekið um árabil og í þessu húsi var lðja félag verksmiðjufólks stofnað 17. október 1934.



Hornið á Austurstræti og Lækjargötu

Skýr og falleg mynd af horninu og sýnir mjög vel hvernig húsið sem brann á síðasta ári leit út í sinni upprunalegu mynd.

Þarna er söluturninn kominn. Hann var reistur 1907 segir í Reykjavíkursögu Guðjóns Friðrikssonar, fyrra bindi. Þar

var blaðadreifing og sala og tóbak og sælgæti selt. Við turninn hittust menn, náðu sér í blöðin og ræddu málín.



Skólaliðar hjá Kópavogi

Nám í undirbúningi

Skólaliði við störf í Lindarskóla í Kópavogi

Nú eru Efling stéttarfélag og Kópavogsbær í samstarfi við Mímisímenntun að fara af stað með nám fyrir skólaliða. Þessum mikilvæga hópi starfsmanna hjá grunnskólum Kópavogs kemur til með að standa námið til boða.

Um er að ræða nám sem er metið til eininga í framhaldsskóla og er viðurkennt af fræðslufyrirvöldum sem starfsnám sem nýtist í áframhaldandi námi ef áhugi er fyrir því hjá þátttakendum. Námið er þó fyrst og fremst hugsað til að starfsmenn geti orðið hæfari og verðmætari í þeim störfum sem þeir eru að sinna. Nauðsynlegt er að ráðfæra sig við skólastjóra varðandi námstíma og fyrirkomulag. Allar nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Eflingar eða hjá Mímisímenntun.



www.efling.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Við bjóðum fullkomnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound

- * Hágæða heyrnartæki með vindvörn
- * Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
- * Einföld og þægileg í notkun



Tímarpantanir í síma 5349600

- * Heyrnarþjónusta
- * Heyrnarmælingar
- * Heyrnartæki
- * Ráðgjöf



AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT

Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartækið sem ReSound framleiðir.

Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann – rétt eins og hann á að vera. Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.

Njótum lífsins með heyrnartækjum frá Heyrn

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðarsmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyrm@heyrm.is

Fyrstu félagsliðarnir sem ljúka framhaldsnámi

Umönnun Alzheimersjúklinga



Fjölmenntur hópur félagsliða lauk framhaldsnámi í umönnun Alzheimersjúklinga þann 5. desember sl. Þetta var fyrsti hópur félagsliða sem fer í framhaldsnám og létu nemendur í ljós mikla ánægju með námið við útskriftina. Atli Lýðsson, fræðslu-

stjóri Eflingar sagði m.a. í ávarpi sínu við þetta tækifæri að námið hefði orðið til í góðu samstarfi við faghóp félagsliða. Í ljósi þess að þetta nám hefði fengið frábærar viðtökur hjá félagsliðum er í bígerð að skoða hvort ekki megi bjóða upp á fleiri

námsleiðir fyrir þennan öflugna hóp. Einnig ræddi Atli um að nauðsynlegt væri að vinna að því að fá þetta nám viðurkennt til eininga á framhaldsskólastigi. Nú í vor er ætlunin að fara af stað með tvo hópa vegna mikillar eftirspurnar.

Mikil aðsókn á lesblindunámskeiðin

Fjórtándi hópurinn útskrifast

Þann 20. desember var hópur nemenda útskrifaðir af lesblindunámskeiði hjá Mími-símenntun. Námskeiðið ber yfirskriftina *Aftur í nám* og er byggt á Ron Davids aðferðinni sem er beitt til þess að ná tökum á lesblindu. Þetta er fjórtándi hópurinn sem klárar námið og fengu nemendur afhent viðurkenningarskjöl því til staðfestingar. Námskeiðin eru fyrir einstaklinga með lestrar- og skriftarörðugleika. Á vorönn 2008 verða þrjú námskeið í boði og hefst það fyrsta 8. janúar. Mikil aðsókn er á þessum námskeið og biðlistinn langur en stefnt að því að þeir sem skrá sig komist að á vorönninni.





Efling styður Samhjálp

Sú ákvörðun var tekin hjá Eflingu-stéttarfélagi að í stað þess að senda út jólakveðjur til samstarfsaðila Eflingar yrði andvirði jólakveðjanna notað til að bjóða nýja nágranna við Sætúnið

velkomna. Samhjálp opnaði í desember nýja kaffistofu í Borgartúni 1. Af því tilefni fóru Sigurður Bessason formaður og Sigurrós Kristinsdóttir 1. varaformaður Eflingar í heimsókn

og færðu Heiðari Guðnasyni forstöðumanni Kaffistofu Samhjálp góða gjöf sem örugglega nýttist vel yfir jólahátíðina og inn í nýja árið.



- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLISTAR- OG SÖNGNÁM
- LEIKLIST FYRIR BÖRN
- NÁMSAÐSTÖÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR
- FJARNÁM VIÐ H.A.

NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR

• MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Námskeið á vorönn 2008 hefst 28. janúar 2008
 Nánari upplýsingar og innritun í síma **585-5860**.
 Ný námskrá kemur út 17. janúar og verður aðgengileg
 á netinu: **www.namsflokkar.hafnarfjordur.is**

Fagnám í ferðapjónustu

Í boði hjá Eflingu



Nemendur á fyrsta fagnámskeiðinu í ferðapjónustu

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi náms fyrir starfsfólk í ferðapjónustu. Nú í vor fer Efling af stað með fagnám í ferðapjónustu hjá Mími-símenntun. Námskráin er þannig byggð upp að námið er samtals 60 stundir og er kennt í þremur 20 stunda kennslulotum. Námið er metið

til 5 eininga á framhaldsskólastigi. Sem dæmi um innihald námsins má nefna námsþætti eins og “samfélag og staðarþekking”, “þjónusta við mismunandi hópa” og “hugmyndafræði og viðhorf”. Þegar verið er að ræða um ferðapjónustu þá er það oft skilgreint nokkuð þröngt hvaða störf tengjast ferðapjónustu. Störf

á bensínstöðvum og mörg bílstjórastörf eru til dæmis ferðapjónustustörf.

Mikilvægt er fyrir þá sem hafa áhuga á þessu námi að kynna sér það en hægt er að afla sér upplýsinga hjá Mími-símenntun, Eflingu eða Starfsafli.

Kvöldskóli Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Innritun í kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík stendur yfir á netinu,
www.ir.is (Námsframboð – Kvöldnám)

Aðstoð við innritun verður í matsal skólans,
miðvikudaginn 2. og fimmtudaginn 3. janúar frá kl. 17:00–18:30.

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is
Kennsla hefst **miðvikudaginn 9. janúar**.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK



Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Nú lækka félagsgjöldin í

0,7%

frá og með 1. janúar 2008


EFLING
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér

Jólaballið gekk glimrandi vel



Börnin fengu nammi í poka frá Jólaveinunum

Jólaball Eflingar var haldið fimmtudaginn 27. desember að Hallveigarstíg 1. Að halda jólaball er góð og gömul hefð sem Efling hefur haldið vel og dyggilega. Undanfarin ár hefur ballið verið haldið á Hallveigarstígnunum og að þessu sinni gekk það glimrandi vel eins og reyndar á öllum síðustu árum.

Helga Möller stjórnaði samkomunni með krafti og fjöri. Með söng og leik hreif hún alla með sér svo dansinn dundaði og allir voru með.

Veitingar voru góðar og almenn ánægja með samkomuna. Salurinn er rúmgóður og nóg pláss fyrir börnin að hreyfa

sig og bregða á leik. Það gerðu þau líka vel og hressilega, þetta var þeirra dagur eins og sjá má af meðfylgjandi mynd.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medilag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



www.efling.is



Fræðslumál

Námsráðgjöf hjá Eflingu

Í samstarfi við Mími-símenntun verður boðið upp á námsráðgjöf hjá

Eflingu-stéttarfélagi frá kl. 9.00.-12.00 alla fimmtudagsmorgna.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Elínu og Ragnari í síma 5107500.

Vorönn 2008

Fjölbreytt námskeið í boði:

- Tungumál
- Tölvunámskeið
- Garðyrkjunámskeið
- Íslenska fyrir útlendinga
- Nauka języka islandzkiego dla obcokrajowcow
- Icelandic for foreigners
- Verklegar greinar
- Saumanámskeið
- Matreiðslunámskeið

Þekking Menntun Fræðsla

Auktu við þekkingu þína á skjótan og skemmtilegan hátt

Innritun og upplýsingar
í síma 564 1507, á vef skólans
og á skrifstofu Kvöldskólans í
Snælandsskóla við Furugrund.

Verið velkomin!



kvoldskoli@kopavogur.is
<http://kvoldskoli.kopavogur.is>

	MYNDA- TEXTI	SKER- DGA LADNA.	FEIKN	SLUDUR- SAGA LEIFAR	SKINN MALAUK EINS	MJAKA FANGA- MARK								
RÖTA					12									
REKAD														
TIL ALASA KALT			4											
N.H.M. ←			EINS UM MÖB TUNNUR											
STIKA ←			7				NÖGL	BRÁ- DIOGA	UTAN	HALD- INN RAMB	DRUSLA SPÚA HOLDI	HÖFU VABUR AF SK.ST.	LEBGA NORD- ANDI	
EYSILL	↕					GALA GARÐINN DAUST								
STUTT- UR SVEFN						1					9			
GED- VONNA FJÖLVIS			13						ER 10R. FELAG					
SLAFA FATA- EFNI							ORKA SNJÓ MÖG							
* HAFUR EFTIR GERN- SILKI		DYINA KARD DGA						UD-AD- IST VISTA NORDA	5					
LEIDI				STRAX NOR SK.ST.						NATT- FALL NOKKUR DEIGA				
KORN LJÓMIR FLIGIN					11							8	ATAK	
GRÖÐUR					HAJÓD		FJÖLL KIND AREDA	14						
* TÍÐUM	↳			→ HAFAD TIL		→ EINS UMK						LIBID HGA		
HELST TIL				HAR MUNDA 1 DAG						GRANN- KONA STAFUR	10			
HITTA ILAT SAMST.		3												
ÞAGGI ÞREFTA ANALDID												6		
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	

Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 1. febrúar 2008.



Vinningshafi í Krossgátunni

Heppnin var með Brynjólfi Eiríkssyni

Brynjólfur Eiríksson rútubílstjóri hjá Guðmundi Tyrfingssyni hlaut vinninginn í Krossgátunni að upphæð 15 þúsund og óskar Fréttablað Eflingar honum innilega til hamingju. Ragnar Ólason, þjónustufulltrúi afhenti Brynjólfi vinninginn.

Lausn síðustu krossgátu

☞	■	■	■	■	■	■	■	■	☞
☞	S	E	G	Ð	U	☞	M	É	☞
■	A	R	O	M	A	T	Ó	L	Á
■	M	A	L	A	R	Í	A	■	S
☞	↓	■	■	K	S	Í	■	A	R
■	N	A	V	O	M	A	N	F	Ó
■	E	T	Í	M	U	T	A	U	L
■	F	L	A	U	S	T	U	R	■
■	I	I	■	V	E	R	T	M	U
■	Ð	■	H	Í	I	J	■	A	N
↓	H	Ö	R	■	Á	R	G	A	L
■	K	Á	M	U	G	R	Á	N	■
■	E	R	■	S	N	Æ	R	■	R
■	M	T	A	L	I	K	N	Á	A
■	U	O	U	A	Ð	T	A	K	G
■	R	G	■	P	A	U	R	A	■
☞	☞	U	P	☞	U	M	☞	H	A
■	E	Ð	L	A	N	■	E	K	L
■	A	U	Ó	R	A	R	L	J	Ó
☞	F	L	U	M	B	R	U	G	A

LAUSNARORÐ:
FLUMBRUGANGUR

Skemmtileg gítarnámskeið



Tónlistarskólinn Tónsalir býður upp á skemmtileg 6 vikna gítarnámskeið ætluð byrjendum.

Boðið er upp á tvenns konar námskeið:

- Leikskólagítarnámskeið
- Partýgítarnámskeið

Efling ásamt öðrum stéttarfélögum styrkja þátttöku félagsmanna á námskeiðunum.

Upplýsingar og innritun á www.tonsalir.is

Tónsalir er rypmískur tónlistarskóli þar sem gleðin í hljóðfæraleiknum er í fyrirrúmi.

Tónsalir

Bæjarlind 2 sími 534-3700 www.tonsalir.is

Engum má greiða undir lágmarkskjörum



Samkvæmt lögum hér á landi eru öll laun og starfskjör sem stéttarfélögin eða samtök þeirra semja um lágmarkskjör. Þessi kjör skulu vera óháð kyni, þjóðerni og ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein.

Þessi regla á vinnumarkaðnum hér á landi á ekki bara við um þá sem standa innan samtaka atvinnurekenda, heldur á hún einnig við um þá sem standa utan samtaka þeirra. Þess vegna eru allir samningar, hvort sem um ráðningarsamninga eða aðra er að ræða sem fara niður fyrir lágmarkskjör ó r og ekki bindandi fyrir starfsmenn, jafnvel þó þeir hafi skrifað undir slíka samninga.

According to Icelandic law

No payment under minimum wages

According to Icelandic law, wages and other terms of employment that are negotiated between the trade-unions and employers shall be minimum wages. This is irrespective of sex, nationality or employment period in the relevant field of work.

This rule in Iceland does not only apply to those employers who are part of the employers' association in the country, but also for those who are outside these organisations. Therefore any form of contract, collective agreements or personal on worse terms than minimum terms are not according to law and must be considered illegal. Even if workers have signed such contracts they have no binding value for them or their employers.

Veist þú að...?

Styrkur til heilsueflingar snýst ekki bara um líkamsrækt hjá æfingastöð.

Ef þú kýst frekar að stunda sund, læra dans í dansskóla eða æfa ýmsar íþróttir eins og til dæmis golf, áttu rétt á styrk allt að kr. 10.000.- á ári.

VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysisskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.



Páskar Páskar -

Páskar!

Munið að skila umsóknum um páska-
dvöl í orlofshúsum á réttum tíma!

Umsóknareyðublað fylgir þessu blaði.

Orlofsávísanirnar-

Runnar sitt skeið í bili

Tekin hefur verið ákvörðun um að ekki verði um frekari útgáfu á orlofsávísunum að ræða.
Ávísanir sem gefnar voru út á árinu



2007 giltu til síðustu áramóta og féllu þá úr gildi.
Ekki er hægt að færa þær milli ára.
Þessi ákvörðun gildir fyrir þetta ár.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Mikilvægt er að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Yfir 100 áfangar í boði

Skráning í fjarnám á vorönn 2008

11. til 20. janúar á heimasíðu fjarnáms: www.fa.is/fjarnam

Þrjár annir: vor – sumar og haustönn

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12, 108 Reykjavík www.fa.is Sími: 5814022

**NICORETTE
FRUITMINT
SVO BRAGÐGOTT
AÐ MENN JAFNVEL
DULBÚAST
TIL AÐ NÁ ÞVÍ!**



Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu. Bragðbesta leiðin til að hætta! Hvað ert þú tilbúin að ganga langt? Fáðu ráðgjöf í apótekinu eða kynntu þér málið á www.nicorette.is

Þín ákvörðun, þín leið,
þitt Nicorette



Nicorette® Fruitmint. 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa aður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ónæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, nylægt hjartasfall, óstöðuga versandi hjartadæg, akvarleg hjartsláttargölp eða nylægt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.